

73. ÁRSPING KSI



ÞINGGERÐ



Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 73. ársþings KSÍ. Þingið hófst á því að fallinna félaga var minnst og risu þingfulltrúar og gestir úr sætum. Því næst voru sýndar svipmyndir frá knattspyrnuárinu 2018.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, setti 73. ársþing KSÍ og flutti ávarp þar sem hann fór yfir sviðið og rifjaði upp atburði síðasta árs.

(Ávarp formanns úr ársskýrslu stjórnar)

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt fyrir íslenska knattspyrnu. Árangur okkar hefur vakið heimsathygli enn á ný en það fær okkur líka til þess að hugsa hvað skiptir máli þegar við sjálf metum árangurinn.

Árangur landsliða okkar er ekki sjálfsprottinn. Hann byggir á grunni öflugs grasrótar- og uppbyggingarstarfs félaganna í landinu. Þegar við náðum jafntefli gegn Argentínu á þessu stærsta sviði knattspyrnunnar á HM í Rússlandi var það „sigur“ alls þessa starfs sem unnið hefur verið í svo mörg ár og áratugi af óteljandi sjálfboðaliðum, þjálfurum, og leikmönnum. Höfum það í huga, verum stolt af því og látum það hvetja okkur áfram. Verum framsækin!

Það er með þetta mikla starf í huga sem við höfum m.a. farið í stefnumótun og skipulagsvinnu með starfsemi KSÍ. Við viljum bæta það sem þegar virkar vel og styrkja starfsemina, aðildarfélögunum og fótoltanum okkar til heilla. Við erum með okkar kjarnasvið í innanlandssviði sem sér um mótahald, dómaramál, leyfismál, mannvirkjamál, o.fl. Síðan er fótoltastarfsemin sett í knattspyrnusvið til þess að gæta þess að við séum að vinna sem best faglega og nýta alla þá þekkingu sem þar er á sem bestan máta. Að síðustu er það markaðssvið sem á að vinna að tekjuöflun og markaðsmálum ásamt því að styðja sérstaklega við félögin í þeim efnum.

Ég er sannfærður um að þetta fyrirkomulag mun reynast okkar starfsemi gifturíkt. Við verðum að gæta þess að sitja ekki eftir hvað þróun fótoltans varðar. Við megum einmitt ekki á þessum tímapunkti halda að við séum „best í heimi“ miðað við höfðatölu og ekki huga að því hvernig við getum bætt okkur. Framtíðin er okkar og kyrrstaða er í raun afturför. Það sama á við um að afla tekna. KSÍ stendur straum af öllum dómarakostnaði deilda, sem þekkist t.d. ekki á Norðurlöndunum. Þessi kostnaður fer hækkandi eins og annar launakostnaður í þjóðfélaginu. Til þess að geta mætt þessu þurfum við að stórefla þátt tekjuöflunar og það höfum við gert þannig að KSÍ er nú að afla eðlilegra tekna.

En förum nú yfir keppnistímabilið hér heima í fótoltanum. Það var mikil spennan víða í deildakeppnum okkar í sumar og hart barist. Hvað mesta athygli vakti gríðarleg keppni í 2. deild karla sem var frábært að fylgjast með. Einnig var keppnin hörð í Pepsi deild karla. Breiðablik var besta liðið í kvennaboltanum og vann tvöfalt, en almennt þá er keppnin í kvennaboltanum að jafnast. Keppnin í neðri deildunum er skemmtileg og hörð þar sem hart er barist um að komast upp um deildir og halda sér í deildum.

Það var ánægjulegt að við skyldum fá eilítla fjölgun áhorfenda á Pepsi-deild karla þrátt fyrir slæmt veður síðasta sumar og HM-ár. Við vorum með sérstakan markaðsfulltrúa í samvinnu við ÍTF sem samræmdi markaðsstarfið og félögin unnu gott markaðsstarf á sínum svæðum og innan sinna raða sem skilaði sér vel.

Fyrir utan það að mæta á fjölmarga leiki og horfa á þá er besta tilfinningin alltaf að sjá starf félaganna með yngri iðkendur sem maður hrifst hvað mest af. Verum alltaf minnug þess að það er okkar helsta

markmið að búa svo um hlutina að allir iðkendur okkar séu sem ánægðastir. Það geta ekki allir verið bestir og við vitum það að þeim mun betri sem grunnurinn er í grasrótarstarfinu þeim mun betra verður afreksstarfið okkar í kjölfarið. Þetta helst allt saman í hendur. Við þurfum að finna jafnvægið á milli þessara þátta í rekstri fótboltastarfsins. Ég tel að íslenskur fótbolti sé einstakur í þessum efnum og að við séum almennt að gera þetta mjög vel.

Einhver umræða hefur verið um rekstrarumhverfi félaganna. Ég hef heyrt ýmsa forsvarsmenn tjá sig um að erfitt sé að láta enda ná saman í rekstri meistaraflokkanna. Þetta er umræða sem við eigum að taka sem hreyfing. Við erum með mikinn metnað fyrir hönd okkar félaga og við viljum vinna titla, komast upp eða halda okkur í deildum. Þessi rekstur sem annar verður á endanum að vera sjálfbær. Við getum unnið að því í sameiningu að fyrirtæki almennt dragi ekki úr framlögum sínum til íþróttafélaga í formi styrktarsamninga sem virðist hafa verið að gerast undanfarin ár. Ég tel fyrirtæki bera ákveðna samfélagslega ábyrgð gagnvart þeim gríðarlega mikilvæga þætti sem íþróttir eru í okkar samfélagi.

Einnig vil ég benda á mikilvægi opinberra aðila í þessu sambandi. Sveitarfélögin hafa flest hver gert mjög vel í uppbyggingu íþróttamannvirkja hér á landi. Stundum er erfitt um vik fyrir minni sveitarfélög en þau gera sitt besta í flestum tilvikum. Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um endurgreiðslu á kostnaði vegna íþróttamannvirkja. Þetta frumvarp yrði mikil lyftistöng fyrir íþróttalífið í landinu og myndi auðvelda mjög uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar um allt land. Ég er sannfærður um að þetta verði til mikilla heilla fyrir okkur.

Kæru félagar, ég vil þakka ykkur öllum vel unnin störf í hreyfingunni og ykkar þátt í uppbyggingu fótboltans. Án ykkar væri íslenskur fótbolti ekki á þeim stað sem hann er í dag. Horfum gagnrýnum en björtum augum til framtíðarinnar og verum framsækin í öllu okkar starfi. Þannig njótum við okkar best.

Að ávarpi loknu setti Guðni Bergsson 73. ársþing KSÍ.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, afhenti viðurkenningar:

- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til FC Sækó.
- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA til Knattspyrnufélagsins Þróttar.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ til Íþróttadeildar RÚV fyrir þáttagerð og umfjöllun um HM.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ til Rásar 1 og Guðmundar Björns Þorbjörnssonar fyrir útvarpsþættina Markmannshanskarnir hans Alberts Camus.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál til Knattspyrnudómarafélags Akraness.
- Háttvísiviðurkenningu (Kvennabikarinn) í Pepsi-deild kvenna til Stjórnunnar.
- Háttvísiviðurkenningu í Inkasso deild kvenna til Fylkis.
- Háttvísiviðurkenningu í 2. deild kvenna til Hvíta Riddarans og Völsungs.
- Háttvísiviðurkenningu (Dragostytta) í Pepsi-deild karla til KR.
- Háttvísiviðurkenningu (Dragostytta) í Inkasso deild karla til Njarðvíkur.
- Háttvísiviðurkenningu í 2. deild karla til Aftureldingar.
- Háttvísiviðurkenningu í 3. deild karla til KH.
- Háttvísiviðurkenningu í 4. deild karla til Elliða og Berserkja.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Einar Páll Tamimi, UMSK, formaður
 Gísli Gunnar Oddgeirsson, HSP
 Kolbrún Arnardóttir, ÍBR
 Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur H. Pétursson
 2. þingforseti: Steinn Halldórsson
 og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson
 2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson
 og voru þeir báðir samþykktir með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson, ritari framkvæmdastjórnar ÍSí, og bað fyrir kveðju frá formanni og framkvæmdastjórn ÍSí. Hafsteinn ræddi m.a. um mikilvægi Íslenskrar getspar og nefndi að þar lægju ýmsir möguleikar íþróttahreyfingarinnar, í fyrirtæki sem sameinar íþróttahreyfinguna. Hann sagði starfsemi KSÍ til eftirbreytni fyrir aðra í íslenskri íþróttahreyfingu og nefndi að margt væri um að vera á vettvangi ÍSí, innanlands og utan.

Í lok ávarpsins sæmdi Hafsteinn þau Guðrúnu Ingu Sívertsen og Vigni Má Þormóðsson gullmerki ÍSí.

Oliver Jung, fulltrúi Alþjóða knattspyrnusambandsins (FIFA), flutti ávarp. Jung bað fyrir kveðju frá forseta og framkvæmdastjóra FIFA og ítrekaði vilja FIFA til að styðja við knattspyrnu á Íslandi. Hann talaði um sérstakt átak til að auka möguleika allra barna til að iðka knattspyrnu. Loks tilkynnti Jung að FIFA hefði hug á að styðja enn frekar við grasrótina í íslenskri knattspyrnu og við byggingu nýs Laugardalsvallar.

John Delaney, fulltrúi Knattspyrnusambands Evrópu (UEFA), flutti ávarp. Delaney ræddi um nýafstaðið þing UEFA sem haldið var í Rómarborg. Delaney ræddi um að félög og knattspyrnusambönd hafi aldrei starfað eins náíð saman og í dag og ítrekaði mikilvægi þess að knattspyrnuhreyfingin starfaði í sameiningu að því að bæta knattspyrnumhverfið. Delaney tók sérstaklega fram að árangur Íslands á alþjóðavettvangi væri aðdáunarverður og að aðrar þjóðir horfðu hingað til lands. Hann tók einnig fram að Ísland ætti við sömu áskoranir að glíma og aðrar þjóðir og að UEFA myndi áfram vinna að því hörðum höndum að styðja við bakið á íslenskum fótbolta. Við erum sterkust þegar við stöndum saman, sagði Delaney.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, flutti ávarp. Haukur bað fyrir kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ. Hann sagði að sú velgengni sem íslensk knattspyrna hefði átt að fagna undanfarin ár væri ekki tilviljun. Að stórum hluta mætti þakka það góðu barna- og unglingastarfi sem skilaði sér áfram upp til eldri flokka og langt út í heim.

Álit kjörbréfanefndar

Einar Páll Tamimi flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Jón Hálfaldán Pétursson.

Frá HSB (1): Samúel Samúelsson.

Frá HSH (4): Jóhann Finnur Sigurjónsson, Jóhann Pétursson, Hilmar Hauksson, Kristmundur Sumarliðason.

Frá HSK (8): Jón Steindór Sveinsson, Einar Karl Þórhallsson, Sævar Þór Gíslason, Sveinbjörn Másson, Guðbjartur Örn Einarsson, Hafsteinn Þór Auðunsson, Jón Þorberg Steindórsson, Hafþór Theodórsson.

Frá HSS (1): Jóhann B. Arngrímsson.

Frá HSV (3): Hafþór Halldórsson, Ragnar Heiðar Sigtryggsson, Guðmundur M. Hafþórsson.

Frá HSP (5): Gísli Gunnar Oddgeirsson, Stefán Hrafn Stefánsson, Páll V Gíslason, Jónas Halldór Friðriksson, Jóhann Kristinn Gunnarsson.

Frá ÍA (6): Magnús Guðmundsson, Heimir Fannar Gunnlaugsson, Sigurður Þór Sigursteinsson, Áslaug Ragna Ákadóttir, Þórir Björgvinsson, Ólafur Ingi Guðmundsson.

Frá ÍBA (8): Sævar Pétursson, Hjörvar Maronsson, Gunnlaugur Eiðsson, Katrín Vilhjálmisdóttir, Kristján Steinn Magnússon, Óðinn Svan Óðinsson, Þórður Halldórsson, Guðni Hreinsson.

Frá ÍBH (7): Halldór Jón Garðarsson, Jón Björn Skúlason, Eiður Arnar Pálmason, Jón Rúnar Halldórsson, Valdimar Svavarsson, Birgir Jóhannsson, Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (7): Sigurður Garðarsson, Gunnar Oddsson, Björgvin Ívar Baldursson, Jónas Guðni Sævarsson, Árni Þór Ármannsson, Leifur Gunnlaugsson, Viðar Einarsson.

Frá ÍBR (41): Baldur Örn Arnarsson, Sigfús Kárasón, Hrafnkell Helgason, Kolbrún Arnardóttir, Jónas Kristinsson, Magnús Þorlákur Lúðvíksson, Páll Kristjánsson, Sigurður Örn Jónsson, Sigurður K. Pálsson, Jón Höskuldsson, Davor Purusic, Jónas Guðmundsson, Haraldur Haraldsson, Friðrik Magnússon,

Heimir Gunnlaugsson, Katla Guðjónsdóttir, Geir Kristinsson, Kári Arnórsson, Kolbeinn Kristinsson, Lúðvík Þorgeirsson, Daði Guðmundsson, Sigurður Tómasson, Helgi Óttarr Hafsteinsson, Guðný Sævinsdóttir, Þórunn Ýr Elíasdóttir, Haraldur Bjarnason, Sighvatur Arnmundsson, Elías Erlendsson, Árni Birgisson, Magnús Þór Jónsson, Sindri Rafn Sindrason, Auðunn Örn Gylfason, Helgi Þorsteinsson, Zakaria Elías Anbari, Einar Guðnason, Guðmundur M. Sigurbjörnsson, Oscar Clausen, Sigurður Hilmarsson, Atli Guðjónsson, Björn Már Ólafsson, Þórir Þormar Hákonarson.

Frá UÍF (0):

Frá ÍBV (5): Jón Ólafur Daníelsson, Haraldur Bergvinsson, Magnús Elíasson, Magnús Steindórsson, Hjalti Kristjánsson.

Frá ÍS (10): Gunnar Már Gunnarsson, Helgi Bogason, Þórarinn Ólafsson, Jón Þór Hallgrímsson, Sólmundur Einvarðsson, Einar Karl Vilhjálmsson, Marteinn Ægisson, Haukur Harðarson, Hannes Jón Jónsson, Haukur Einarsson.

Frá UDN (0):

Frá UÍA (6): Bjarni Ólafur Birkisson, Þórarinn Sigurbergsson, Magnús Ásgrímsson, Guðmundur Arnar Hjálmarsson, Tómas Guðjónsson, Guðmundur Bj. Hafþórsson.

Frá UMSE (2): Kristinn Þór Björnsson, Stefán Garðar Níelsson.

Frá UMSB (1): Páll S. Brynjarsson.

Frá UMSK (24): Ingólfur Þráinsson, Lárus Guðmundsson, Kristján Másson, Hafþór Karlsson, Sölvi Snær Magnússon, Rögnvaldur Dofri Pétursson, Magnús Örn Helgason, Agnar Freyr Gunnarsson, Björgvin Jóniússon, Victor Ingi Olsen, Halldór Ragnar Emilsson, Sæmundur Friðjónsson, Einar Páll Tamimi, Frosti Rey Rúnarsson, Viggó Magnússon, Ólafur Karl Eyjólfsson, Kristófer Þór Pálsson, Baldur Már Bragason, Hrafnkell Freyr Ágústsson, Bjarni Bergsson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Sigurður Hlíðar Rúnarsson, Orri Hlökkversson, Valdimar Leó Friðriksson, Jón Júlíus Karlsson, Hanna Símonardóttir.

Frá UMSS (2): Árni Ingólfsson, Jón Stefán Jónsson.

Frá USAH (1): Erla Ísafold Sigurðardóttir.

Frá USÚ (1): Kristján Sigurður Guðnason.

Frá USVH (0):

Frá USVS (1): Sveinn Þorsteinsson.

Fyrirnefndir 147 fulltrúar (af 152) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt einróma.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, sem einnig var að finna í gögnum þingfulltrúa og á vef KSÍ. Hún vakti sérstaka athygli á dómaramálum. Klara ræddi um mikilvægi þess að bæta ímynd dómara starfsins, til þess m.a. að stuðla að endurnýjun í dómara stéttinni.

Gjaldkeri KSÍ, Borghildur Sigurðardóttir, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Hún benti m.a. á að gert hafi verið ráð fyrir afreksstyrk frá ÍSÍ en þeirri beiðni hafi verið hafnað. Borghildur ræddi um stjórnarsamþykkt frá 8. febrúar 2019 sem var svohljóðandi:

Í ljósi sterkrar eiginfjárstöðu KSÍ samþykkir stjórn KSÍ að skipa starfshóp sem falið verður að gera tillögur til stjórnar varðandi eftirfarandi atriði:

a) Hvert skuli vera markmið KSÍ varðandi óráðstafað eigið fé og sjóðsstöðu sambandsins.

b) Hvort rétt sé að lækka eigið fé sambandsins út frá niðurstöðu ársreiknings ársins 2018.

Í þessu sambandi skal taka til sérstakrar skoðunar sjóðsstöðu og greiðsluflæði sambandsins og verkefni, m.a. með tilliti til hertra reglna FIFA um meðhöndlun styrkja, og þann hluta handbærs fjár sem eru fyrirframgreiddar tekjur vegna sérgreindra verkefna.

Starfshópurinn leggi einnig fram tillögur um leiðir ef niðurstaðan verður að lækka eigið fé sambandsins og hvernig best megi nýta það fjármagn.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Þórir Hákonarson (SR) tók til máls. Þórir óskaði hreyfingunni til hamingju með góða ársreikninga. Hann óskaði jafnframt eftir skýringu á lægri tekjum og hærri kostnaði vegna Laugardalsvallar. Eins benti hann á hærri kostnað vegna U21 landsliðs Íslands en gert var ráð fyrir. Þá óskaði Þórir eftir nánari skýringu á nærri tvöföldun á kostnaði vegna þess sem kallað er sameiginlegur landsliðskostnaður.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar ítrekaði að samvinna félaga og KSÍ væri mikilvæg og lýsti yfir ákveðinni óánægju með skort á samstarfi KSÍ við félögin hvað varðar mál eins og stefnumótun, sem dæmi. Í Evrópu hefði aðkoma félaga að starfi UEFA aukist, félögin væru hjartað í starfinu. Viðar þakkaði fyrir góðan ársreikning, vel upp settan og auðskiljanlegan. Viðar ræddi um mikilvægi endurgreiðslu á virðisaukaskatti við byggingu íþróttamannvirkja hjá íþróttafélögum og fagnaði því að KSÍ væri að vinna að þeim málum. Viðar nefndi einnig að KSÍ þyrfti að stíga varlega til jarðar við byggingu nýs Laugardalsvallar. Huga þyrfti að því að menn færu ekki fram úr sér og sætu uppi með hálf tóman völl á leikjum. Sjálfsagt væri að stefna hátt, en ekki of hátt.

Valdimar Leó Friðriksson (UMSK) tók til máls og þakkaði fyrir góða skýrslu. Valdimar ræddi um átakið við endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja og ítrekaði mikilvægi þess að stjórn KSÍ beiti sér enn frekar í þeim málum. Hann nefndi sérstaklega uppbyggingu í Úlfarsárdal. Það væri ekki nóg að eitt félag reyndi að ýta á eftir framkvæmdum heldur ætti það að vera sameiginlegt verkefni okkar allra, að sögn Valdimars.

Borghildur Sigurðardóttir, gjaldkeri KSÍ, tók til máls. Borghildur skýrði lækkun framlaga Reykjavíkurborgar vegna rekstrarkostnaðar Laugardalsvallar og ítrekaði að taka þyrfti upp viðræður við borgina um rekstur vallarins. Varðandi kostnað vegna U21 landsliðs karla, þá skiluðu margir reikningar frá 2017 sér ekki inn fyrr en 2018 og því var kostnaðurinn hærri en gert var ráð fyrir. Hækkun á sameiginlegum landsliðskostnaði er m.a. vegna aukins kostnaðar í Hæfileikamótun KSÍ, hækkunar á kostnaði vegna Knattspyrnuskóla KSÍ o.fl.

Magnús Þór Jónsson (ÍR) tók til máls. Hann fagnaði starfshópnum sem til stendur að mynda um ráðstöfun fjár og Borghildur ræddi um. Hann ítrekaði mikilvægi þess að fara vel yfir það í hvað skyldi nýta eigið fé Knattspyrnusambandsins og spurði um tímaramma þessarar vinnu, hvenær þessi starfshópur og þessi vinna færi í gang. Magnús taldi mikilvægt að nýta sumarið vel til samstarfs þar sem KSÍ er ekki með landslið á stórmóti sumarið 2019. Magnús nefndi að ÍR væri í vandræðum hvað varðar sjálfbóðaliða og hvatti félög til að hlúa að þeim málum, ekki síst að fjölga konum í starfi sínu.

Þórir Hákonarson (SR) tók til máls. Hann óskaði svara um kostnað og tekjur vegna tónleikahalds á Laugardalsvelli sumarið 2018 og hvar væri að finna upplýsingar um þessa liði. Þórir óskaði einnig eftir svari við þeirri lækkun á greiðslum til félaga sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun KSÍ fyrir árið 2019.

Borghildur Sigurðardóttir, gjaldkeri KSÍ, tók til máls. Hún sagði að ekki væri búið að ákveða hvenær starfshópurinn yrði myndaður og farið yrði af stað. Borghildur sagði að í samningi KSÍ og Reykjavíkurborgar væri tekið fram að KSÍ annist útleigu Laugardalsvallar, beri kostnað og fái tekjur vegna þessarar útleigu. Kostnaður og/eða tekjur vegna þeirra viðburða væri fært undir annar rekstrarkostnaður/aðrar rekstrartekjur í bókhaldi KSÍ.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls. Hann þakkaði góðar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Guðni sagði að KSÍ væri að vanda til verka í samskiptum sínum við félög og taldi að búið væri að bæta það til muna. En betur má ef duga skal, eins og Guðni orðaði það. Ákveðinn stigsmunur væri á starfinu hér á landi og svo aftur hjá UEFA/ECA. Hann tók undir innlegg um starf sjálfboðaliða. Varðandi byggingu nýs Laugardalsvallar, þá telur Guðni að tími sé kominn á nýjan völl. Sá völlur sem nú er til staðar sé barn síns tíma, 60 ára gamall, og miðað við kröfur knattspyrnunnar í dag væri mikilvægt að bæta aðstöðuna á Laugardalsvelli. Yfirbyggður völlur gæfi margvísleg tækifæri.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar benti á fyrirkomulag sem nú er við lýði á Norðurlöndunum varðandi samskipti félaga og knattspyrnusambanda. Þar hefði skipulagi verið breytt og við þyrftum að fylgjast með framþróuninni. Viðar ræddi um kynjamisrétti og sagði að félögin yrðu að líta í eigin barm. Hann bætti við að það hefði reynst FH og öðrum félögum erfitt að auka hlut kvenna í stjórnunarstörfum.

Jón Ólafur Daníelsson (ÍBV) tók til máls. Jón Ólafur sagði að ÍBV væri vel mannað í kvennaráði félagsins. Hann taldi að skýringin gæti verið sú að knattspyrna kvenna og knattspyrna karla væri rekin í sitthvorum lagi. Með þessu sé kvenfólkið ekki að starfa undir hatti karla, eins og hann sagði sjálfur. Jón Ólafur sagðist telja að frelsi og sjálfstæði geti stuðlað að frekari þátttöku kvenna í starfinu.

Sveinn Þorsteinsson (USVS) tók til máls. Sveinn sagðist vera sjálfboðaliði og vera stoltur af því. Hann bað þingheim um að klappa því í salnum væru allir meira og minna sjálfboðaliðar.

Hanna Símonardóttir (Afturelding) tók til máls. Hanna hvatti KSÍ og félögin að setja af stað átak í að fjölga sjálfboðaliðum. Nýta tímann fram að sumri til að gera það aðlaðandi að sinna sjálfboðaliðastarfi fyrir félög í landinu.

Fleiri tóku ekki til máls.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samróma.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 12

Tillögur á þingskjölum 6 til 12 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Þingskjal 6**Fjárhagsáætlun 2019**

	Skýr	Áætlun 2019	Raun 2018	Áætlun 2018
Rekstrartekjur				
Styrkir og framlög	1	912.059.420	1.804.905.364	1.749.810.000
Tekjur af landsleikjum		148.275.000	249.097.883	190.450.000
Sjónvarpsréttur		275.000.000	265.943.880	377.000.000
Aðrar rekstrartekjur		86.282.000	61.128.150	36.800.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		59.800.000	50.228.445	65.000.000
		1.481.416.420	2.431.303.722	2.419.060.000
Rekstrargjöld				
Kostnaður við landslið	2	-643.952.188	-1.259.567.344	-1.348.518.198
Mótakostnaður		-217.025.125	-210.566.627	-195.500.000
Fræðslukostnaður		-52.333.199	-45.116.623	-48.800.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-276.358.554	-264.714.725	-279.690.000
Húsnæðiskostnaður		-29.900.000	-25.705.434	-29.900.000
Annar rekstrarkostnaður		-7.500.000	-13.512.567	-7.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-88.459.190	-83.560.717	-78.000.000
Afskriftir		-26.258.043	-26.258.043	-26.700.000
		-1.341.786.299	-1.929.002.080	-2.014.108.198
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld		139.630.121	502.301.642	404.951.802
Aðrar tekjur og gjöld				
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ		71.000.000	40.000.000	50.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ		-71.000.000	-40.000.000	-50.000.000
Fjármagnsliðir		10.500.000	36.066.704	10.500.000
		10.500.000	36.066.704	10.500.000
Hagnaður/tap ársins		150.130.121	538.368.346	415.451.802
Samtals til aðildarféлага		-120.500.000	-331.171.706	-330.000.000
Hækkun/lækkun á sjóð		29.630.121	207.196.640	85.451.802

	Áætlun 2019	Raun 2018	Áætlun 2018
1. Styrkir og framlög			
ÍSí	25.250.000	29.227.875	27.100.000
Getraunir	5.650.000	5.650.000	6.000.000
UEFA	461.504.420	528.325.272	470.320.000
FIFA	279.480.000	1.079.830.171	1.125.790.000
Ýmsir styrkir	140.175.000	161.872.046	120.600.000
	912.059.420	1.804.905.364	1.749.810.000
2. Kostnaður við landslið			
A-landslið karla	309.556.389	902.065.067	1.003.318.198
U-21 landslið karla	48.883.201	47.760.357	45.800.000
U-19 landslið karla	23.948.593	28.172.644	21.500.000
U-17 landslið karla	32.654.513	41.487.068	35.600.000
A-landslið kvenna	104.832.990	124.088.937	131.000.000
U-19 landslið kvenna	37.811.543	29.968.007	25.000.000
U-17 landslið kvenna	35.287.987	38.024.700	41.300.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	50.976.972	48.000.564	45.000.000
	643.952.188	1.259.567.344	1.348.518.198
3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Launakostnaður	172.135.410	146.039.822	159.000.000
Launatengd gjöld	39.735.144	37.783.207	33.390.000
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	64.488.000	80.891.696	87.300.000
	276.358.554	264.714.725	279.690.000

Stjórn KSÍ

Oscar Clausen (KB) tók til máls um fjárhagsáætlun KSÍ. Oscar benti á að það væru fjórir fulltrúar frá Leikni og KB, tveir karlar og tvær konur. Hann spurði hvernig tekjum vegna markaðsmála og tölvuleikja hafi verið varið.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar óskaði eftir skýringu á mismun í áætluðum tekjum vegna sjónvarpsréttar 2018 og þeim tekjum sem á endanum komu inn vegna sjónvarpsréttar 2018. Viðar óskaði jafnframt eftir sundurliðun á áætluðum tekjum/kostnaði vegna tónleikahalds 2019.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Jón Rúnar ítrekaði spurningu Þóris við umræðu um reikninga KSÍ. Hann sagði að undanfarin ár, þar sem Ísland hefur verið þátttakandi á stórmótum í knattspyrnu karla, hefðu tekjur verið háar og þessi ár brengluðu alla umræðu. Hann óskaði svara hvers vegna upphæðir til aðildarfélaga lækkuðu frá síðustu eðlilegu árum. Þá hefði upphæðin verið í kringum 150-160 milljónir en nú væri gert ráð fyrir um 120 milljónum króna.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, tók til máls. Klara sagði að tekjur vegna markaðsmála/tölvuleikja hefðu m.a. verið nýttar til greiningar á áhorfendafjölda í Pepsi-deildum karla og kvenna og hvernig mætti fjölga áhorfendum.

Klara sagði að erfitt væri að áætla tekjur vegna tónleika sumarið 2019 og að hluta væri sambandið bundið trúnaði um samning.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls og svaraði spurningum Jóns Rúnars. Guðni sagði að t.a.m. væri dómarakostnaður KSÍ hár og það væri kostnaður sem KSÍ leggur ekki á félögin. Eins væri KSÍ að vinna að ýmsum markaðsmálum fyrir Pepsi deildirnar og aukið fé færi í mannvirkjasjóð. Hann sagðist telja að í heild væru greiðslur til aðildarfélaga að hækka.

Borghildur Sigurðardóttir, gjaldkeri KSÍ, tók til máls. Hún sagði að árið 2017 hafi greiðslur til aðildarfélaga verið um 127 milljónir króna. Borghildur sagði að greiðsla til aðildarfélaga 2019 væri í raun sama tala en væri færð á annan hátt inn í ársreikninga en áður var gert.

Þórir Hákonarson (SR) tók til máls. Þórir ítrekaði fyrirspurn sína, sem snerist um ástæðu lækkunar á greiðslum til aðildarfélaga, úr 148 milljónum árið 2015 í 120 milljónir árið 2019.

Orri Hlöðversson (Breiðablik) tók til máls. Orri sagði að það vantaði frekari upplýsingar um það frá félögunum hvernig því fé sem úthlutað var til félaga hafi verið varið. Orri hvatti einnig KSÍ og félögin til að klára málið varðandi ráðningu yfirmanns knattspyrnumála, sagði það vera framfaraskref fyrir knattspyrnuna.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Jón Rúnar nefndi að inni í upphæð frá UEFA og FIFA væri eyrnamerkt fé til t.d. leyfiskerfis. Hluti af því fé færi til félaganna. Úthlutun þessa fjármagns þyrfti að skýra enn frekar, í hvað fé frá UEFA og FIFA fari o.s.frv. Jón Rúnar lagðist hins vegar gegn því að fé frá KSÍ til félaganna yrði skilyrt að einhverju leyti og sagðist frábíðja sér að komið yrðu upp einhverju miðlægu kerfi í þessu sambandi.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls. Guðni þakkaði góða umræðu og benti á að taka yrði mið af þeim kostnaði og verkum sem KSÍ hefur tekið á sig, sem áður lá hjá félögunum. T.d. dómarakostnað. KSÍ væri að nýta það fé sem kemur inn vegna leyfiskerfis til að styðja við félögin.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði að það væri óþarfi að tala áfram um að KSÍ væri með dómarakostnað á sínum snærum. Þetta væri staðreynd sem félögin væru með á hreinu.

Orri Hlöðversson (Breiðablik) tók til máls. Hann ítrekaði að hann hafi ekki lagt til að gert yrði eitthvað kerfi í kringum það hvernig peningarnir yrðu nýttir. Heldur eingöngu að félögin gerðu greinagóð skil á því í hvað peningarnir fara. Það sagði Orri að væri eðlileg eftirfylgni í starfi íþróttafélaga.

Magnús Þór Jónsson (ÍR) tók til máls. Magnús sagði að ljóst væri að rekstrargrundvöllur félaga væri misjafn og kallaði eftir því að félögin í heild myndu vinna að því að auka tekjur félaganna. Greiðslur frá KSÍ skiptu ÍR gríðarlegu máli og mættu ekki lækka. Mörg minni félög væru komin á erfiðan stað.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann vildi taka fram að þessir peningar skiptu félögin máli og mismiklu máli. Viðar nefndi einnig að það væri mikilvægt að jafna ferðakostnað og minnka þá byrði félaganna. Viðar sagði að lokum að honum hugnaðist ekki að það fé sem færi frá KSÍ til aðildarfélaga væri skilyrt í ákveðin verkefni. Auðvitað er okkur treystandi og þurfum ekki stíft boðvald, sagði Viðar.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt einróma.

Þingskjal 7

Gísli Gíslason, stjórnarmaður KSÍ, hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytingar

– Heildarlagabreyting –

Tillaga að breytingum á lögum KSÍ***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki tillögu að heildarlagabreytingum á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**LÖG KNATTSPYRNUMBANDS ÍSLANDS****I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK****1. grein - Heiti og staðsetning**

1.1. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband **íþróttafélaga sem iðka og keppa í knattspyrnu og eru innan** héraðssambanda og íþróttabandalaga, **sem eru aðilar að ÍSí.** ~~þeirra félaga innan ÍSí, sem iðka og keppa í knattspyrnu.~~

1.2. Aðsetur og varnarþing KSÍ er í Reykjavík.

1.3. Merki KSÍ **er eign KSÍ og verndað af vörumerkjarétti.** ~~sýnir fánaveifu og knött fyrir ofan KSÍ skammstöfunina.~~ Merkið KSÍ er í íslensku fánalitunum, ~~grunnurinn er hvítur, bókstafir bláir, fánaveifa blá, hvít og rauð, og knöttur blár og hvítur.~~

1.4 Fáni KSÍ er hvítur með merki KSÍ í miðju.

2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ

2.1. KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála,
- b. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
- c. að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim,
- d. að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt,

- e. að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi,
- f. að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik,
- g. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi,
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.

2.2. KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnmal og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

3. grein - Aðild að samtökum

3.1. KSÍ er aðili að

- a. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí),
- b. Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA),
- c. Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA).

3.2. KSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSí, UEFA og FIFA. Reglur og ákvarðanir KSÍ eru bindandi fyrir aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

3.3. KSÍ og aðildarfélög þess skulu hlíta valdi FIFA og UEFA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða og félaga á alþjóðavettvangi og skulu ekki vera þátttakendur í leikjum eða mótum á alþjóðavettvangi án samþykkist FIFA eða UEFA. KSÍ skal vera bundið af ákvörðunum FIFA og UEFA um alþjóðlega landsleikjadaga. Jafnframt skal KSÍ ekki vera í sambandi við knattspyrnusamband sem er ekki aðili að FIFA eða UEFA nema með samþykki FIFA eða UEFA.

II. AÐILD AÐ KSÍ

4. grein - Réttur á aðild

4.1. Öll félög innan ÍSí, er iðka og keppa í knattspyrnu, eru aðilar að KSÍ.

5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

5.1. Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum á vegum KSÍ, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og gildandi reglugerðum KSÍ. ~~Aðildarfélag hefur rétt til að taka þátt í mótum, sem skipulögð eru af KSÍ.~~

5.2. Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.

5.3. Félagi sem tekur þátt í móti á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KSÍ, UEFA eða FIFA.

5.4. Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ, nefnda KSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

~~5.5. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ skal senda knattspyrnusambandinu ársskýrslu sína.~~

~~5.5.6. Knattspyrnuséráðin (héraðssambönd/íþróttabandalög) Aðildarfélög skulu senda stjórn KSÍ skýrslu um öll knattspyrnumót, sem haldin eru á þeirra vegum. innan umdæmisins.~~

~~5.6.7. Aðildarfélög skulu senda KSÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því breyting á sér stað. Ársskýrslur séráðna (héraðssambanda/íþróttabandalaga) og upplýsingar um stjórnir þeirra skulu sendar stjórn KSÍ innan mánaðar frá aðalfundi.~~

~~5.7.8. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.~~

~~5.8.9. Aðildarfélög KSÍ eru bókhaldsskyld og ársreikningaskyld samkvæmt gildandi lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Aðildarfélög, sem falla undir leyfiskerfi, skulu auk þess færa bókhald sitt svo það uppfylli kröfur leyfiskerfis KSÍ. Reikningsár aðildarfélaga skal vera almanaksárið.~~

~~5.9.10. Félag sem er aðili að KSÍ skuldbindur sig til þess að vera ekki aðili að öðru knattspyrnusambandi eða taka þátt í leikjum eða mótum á vegum annars knattspyrnusambands nema með sérstöku samþykki KSÍ, hins knattspyrnusambandsins, FIFA eða UEFA.~~

~~5.10.11. Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna áætlisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ. Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.~~

~~5.11.12. Leikmenn aðildarfélaga skulu verða skráðir félagsmenn í samræmi við reglugerðir KSÍ.~~

6. grein - Aðrar skyldur

6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.

III. SKIPULAG KSÍ

7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

7.1. Málefnum KSÍ stjórnna:

a. Knattspyrnuþingið, sem fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.

b. Stjórn KSÍ og/eða aðalstjórn KSÍ, sem fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga. Þegar fjallað er um stjórn KSÍ í lögum þessum á það jafnt við um stjórn KSÍ og aðalstjórn KSÍ og eru ákvarðanir aðalstjórnar KSÍ jafngildar og ákvarðanir stjórnar KSÍ.

~~c. Framkvæmdastjórn, sem kalla má á ef ekki næst að boða stjórn KSÍ til fundar og fyrir liggur mál sem krefst tafarlausrar umfjöllunar KSÍ.~~

~~c.d.~~ Fastanefndir KSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.

~~d.e.~~ Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.

~~e.f. Framkvæmdastjóri KSÍ, sbr. 19. gr. sem ber ábyrgð á daglegum rekstri knattspyrnusambandsins og skrifstofu KSÍ, sem sér um daglega umsýslu verkefna.~~

7.2. Leyfisnefndir taka ákvörðun um þátttökuleyfi til keppni í Íslandsmóti þar sem það á við og í keppnum á vegum UEFA og starfa skv. leyfishandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær nefndir eru:

- a. Leyfisráð.
- b. Leyfisdómur.

7.3. Dómstig KSÍ eru:

- a. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
- b. Áfrýjunardómstóll KSÍ.

IV. KNATTSPYRNUÞING

8. grein - Boðun

8.1. Knattspyrnuþing skal halda árlega, eigi síðar en 1528. febrúar. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og þingtíma. Boða skal skal boða bréflega til þingsins bréflega, eða með öðrum sannanlegum hætti, með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

9. grein - Réttur til þingsetu

9.1. Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

9.2. Fulltrúafjöldi aðildarfélaga þeirra ákvarðast af þátttöku þeirra félaga í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:

- a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 0. efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
- b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.
- c. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.
- d. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks 3 leiktíðir af síðustu 5, þar sem ein skal vera sú síðasta síðustu fimm leiktíðir samfleytt.

e. fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli ~~aðila~~ félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur þátttökuréttur til fulltrúa niður.

~~f. fyrir héraðssamband komi þó að minnsta kosti einn fulltrúi.~~

9.3. Fulltrúafjöldi ~~aðildarfélags~~ ~~vegna félags~~ skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. ~~f.~~ sem gefur flesta fulltrúa. Félag sem ekki teflir fram í móti á vegum KSÍ á síðasta keppnistímabili að minnsta kosti einu liði í yngri flokkum (3. – 6. flokk), getur að hámarki verið með einn fulltrúa.

9.4. Framkvæmdastjóri KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt. ~~Aðeins sá, sem er í knattspyrnufélagi innan héraðssambands eða íþróttabandalags, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi.~~

9.5. ~~Á knattspyrnuþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar atkvæðisrétt og skulu þeir skráðir á kjörbréf viðkomandi aðila.~~ Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er ~~hægt~~ heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ og varafulltrúar þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.

9.6. Félög ~~Aðilar~~ sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. Kjörbréfanefnd ~~þer að~~ skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

9.7. Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Stjórnarmenn KSÍ.
- b. Framkvæmdastjóri KSÍ.
- c. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.

9.8. Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:

- a. Heiðursformenn KSÍ.
- b. Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.
- c. ~~b.~~ Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
- d. ~~c.~~ Dómarar í dómstólum KSÍ.
- e. ~~d.~~ Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
- f. ~~e.~~ Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.
- g. ~~f.~~ Fulltrúi menntamálaráðuneytis.
- h. ~~g.~~ Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara. ~~Knattspyrnudómarasambands Íslands.~~
- i. ~~h.~~ Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

9.9. Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið, ~~ef hún telur ástæðu til.~~

10. grein – ~~Málefni~~ Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Reikningar KSÍ.

10.1. Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem óskað er eftir að teknar ~~Málefni þau, er aðilar að knattspyrnusambandinu óska eftir að tekin~~ verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar ~~tilkynnt~~ stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

10.2. Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað knattspyrnuþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist, **ásamt athugasemdum við þær.**

10.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað knattspyrnuþing, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

11. grein - Dagskrá

11.1. Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- g. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
 - m. Önnur mál.
 - n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
 1. Kosning stjórnar.

a. Kosning formanns (annað hvert ár).

b. Kosning 4ra manna í stjórn.

c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.

2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.

a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).

b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).

3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSí.

4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.

5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).

6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).

7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).

8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).

9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd

a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).

b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).

10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.

o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.

p. Þingslit.

~~1. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.~~

~~2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.~~

~~3. Kosning fyrsta og annars þingforseta.~~

~~4. Kosning fyrsta og annars þingritara.~~

~~5. Ávörp gesta.~~

~~6. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.~~

~~7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.~~

~~8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.~~

~~9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.~~

~~10. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.~~

~~11. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu.~~

~~12. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.~~

~~13. Önnur mál.~~

~~14. Kosningar. Álit kjörnefndar.~~

~~a. Kosning stjórnar.~~

~~1. Kosning formanns (annað hvert ár).~~

~~2. Kosning 4ra manna í aðalstjórn.~~

~~3. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum í stjórn.~~

~~4. Kosning 3ja varamanna í aðalstjórn.~~

~~5. Kosning 4ra varamanna úr landsfjórðungum í stjórn.~~

~~b. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.~~

~~c. Kosning sjálfstæðra og óvilhallra skoðunarmanna reikninga (2 aðalmenn og 2 varamenn).~~

~~d. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).~~

~~e. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).~~

~~f. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).~~

~~g. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).~~

~~h. Kosning kjörnefndar, 3ja manna er starfi milli þinga.~~

~~i. Kosning endurskoðanda.~~

~~15. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.~~

~~16. Þingslit.~~

11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

12. grein - Atkvæðagreiðsla

12.1. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða **þingfulltrúa**. Meiri en helmingur þingfulltrúa þurfa að vera mættir á knattspyrnuþing svo atkvæðagreiðsla teljist gild en **af** **að** öðrum kosti skal boða til annars knattspyrnuþings innan 7 daga.

12.2. Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra.

12.3. Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi skulu taka gildi þegar í stað ~~strax~~ nema annað sé ákveðið á knattspyrnuþingi. Stjórn KSÍ skal ljúka gerð og birtingu nýrra reglugerða eða breytinga á reglugerðum, sem knattspyrnuþing samþykkir, innan fjögurra vikna.

13. grein - Aukaping

13.1. Aukaping skal kalla saman, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KSÍ eða helmingur aðildarfélaga óskar þess skriflega við stjórn KSÍ. ~~Allur boðunar~~ Boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings skal vera helmingi styttri en til reglulegs knattspyrnuþings.

13.2. Málefni þau, er aðilar að ~~knattspyrnusambandinu~~ KSÍ óska eftir að tekin verði fyrir á aukapingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þingsetningu.

13.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað aukaping, skal stjórn KSÍ senda aðildarfélögum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist.

13.4. Um rétt til þingsetu og atkvæðisrétt á aukapingi fer samkvæmt 9. gr. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags skal vera sá sami og á næsta knattspyrnuþingi á undan. Kjörbréfanefnd skal senda ný kjörbréf til aðildarfélaga samkvæmt nánari ákvæðum gr. 9.4. ~~Fulltrúar hvers aðila á aukapingi skulu vera jafnmargir og á næsta reglulega þingi á undan. Nýtt kjörbréf skal gefið út fyrir hvern aðila.~~

13.5. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

13.6. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu ákvæði og um reglulegt knattspyrnuþing.

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. ~~skipa~~

~~a. formaður,~~

~~b. 8 meðstjórnendur, sem sitja í aðalstjórn ásamt formanni,~~

~~c. 4 meðstjórnendur, einn frá hverjum landsfjórðungi.~~

14.2. Auk kjörinna fulltrúa á ársþingi samkvæmt grein 14.1., skal formaður hagsmunasamtaka liða í efstu deildum sitja í stjórn KSÍ.

14.3. Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega eiga fund með fulltrúum landsfjórðunga. Á slíkum fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.

~~Varamenn í aðalstjórn taka sæti í stjórninni, ef aðalmaður forfallast, og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir. Varamenn frá landsfjórðungum taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns frá viðkomandi landsfjórðungi.~~

14.4. Stjórn KSÍ skal funda reglulega með félögum og hagsmunasamtökum félaga þar sem farið verði yfir hagsmunamál félaganna.

15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. **Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.**
- b. Kosning **fjögurra** manna í **aðal**stjórn til tveggja ára. ~~en fjórir menn ganga úr aðalstjórn á hverju ári.~~
- ~~c. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungunum í stjórn til eins árs.~~
- ~~cd. Kosning 3ja manna til vara í aðalstjórn til eins árs.~~
- ~~e. Kosning 4ra manna frá varafulltrúa landsfjórðunga (einn fyrir hvern landsfjórðung) og jafn marga til vara unum til vara til eins árs tveggja ára í senn.~~

15.2. Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

15.3. Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skulu hafa skrifleg meðmæli aðildarfélaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

15.4. ~~2.~~ Tilkynning um framboð til embætta ~~is~~ sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. og skrifleg meðmæli samkvæmt grein 15.3. skulu ~~formanns eða stjórnar KSÍ skal~~ berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.

15.5. ~~3.~~ Allar kosningar ~~til embættis formanns og stjórnar KSÍ~~ eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt, ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á.

15.6. ~~4.~~ Til þess að ná kjöri sem formaður KSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða. Verði þeir jafnir skal kjósa á ný með sama hætti og verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

15.7. ~~5.~~ Við kosningu ~~á milli manna vegna annarra embætta í önnur embætti~~ á knattspyrnuþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fáí fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

16. grein - Verkaskipting stjórnar KSÍ

16.1. Stjórn KSÍ kys **fyrsta og annan** varaformann, ~~ritara og gjaldkera~~ úr hópi ~~aðal~~stjórnarmanna til eins árs í senn.

16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar **minnst sex sinnum á ári** ~~minnst 4 sinnum á ári, en aðalstjórn eins oft og þurfa þykir~~. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 aðalmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

~~16.3. Aðalstjórn skal velja 2 menn úr sínum hópi til að sitja í 5 manna framkvæmdastjórn ásamt formanni, gjaldkera og formanni mótanefndar. Framkvæmdastjórn fer með, ef miklir hagsmunir eru í húfi og ekki mögulegt að boða til sérstaks stjórnarfundar, ákvörðunarvald stjórnar á milli stjórnarfunda. Formaður KSÍ stýrir fundum framkvæmdastjórnar.~~

16.3.4. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum **og setur sér starfsreglur**.

~~16.5. Framkvæmdastjóri KSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar skuldbindingar hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.~~

17. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

17.1. Stjórn KSÍ fer með málefni sambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnarinnar fellur m.a. eftirfarandi: **Starfssvið stjórnar KSÍ er**

1. að framkvæma ályktanir knattspyrnubings,
2. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
3. að ráða framkvæmdastjóra til **að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu, starfa-skv. starfslýsingu,**
4. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
5. að setja nauðsynlegar reglur **og bráðabirgðaákvæði** um knattspyrnumál á Íslandi,
6. að annast útgáfu á knattspyrnulögunum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, **og sjá til þess að þær séu er jafnan séu** í samræmi við alþjóðareglur,
7. að hafa yfirstjórn með landsmótum,
8. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
9. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða **á alþjóðavettvangi þegar það á við, í alþjóðamótum,**
10. að tefla fram landsliðum **og félagsliðum** í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
11. að ráða landsliðspjálfa til starfa,
12. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,

~~13. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði,~~

~~13.14.~~ að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,

~~14.15.~~ að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.

15. Að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun. Stjórn KSÍ skal ekki víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun nema hún telji gildar ástæður til og að fenginni umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Í því tilviki skal hún leggja fyrir á næsta ársþingi greinargerð með skýringum á frávikunum. Ákvarðanir um meiriháttar skuldbindingar skal bera undir ársþing KSÍ eða aukaping.

17.2. Stjórn KSÍ hefur eftirlit með því ~~lítur eftir því~~ að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ ~~til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög þessi eða reglugerðir KSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brót aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum þessum.~~

17.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.

18. grein – Formaður stjórnar KSÍ

18.1. Formaður stjórnar KSÍ er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari sambandsins og ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd stefnumála, stefnumótunar og samþykktar ársþings. Formaðurinn skal kappkosta að ávallt séu sem best tengsl og samstarf milli sambandsins og aðildarfélaga.

18.2. Formaður stjórnar KSÍ annast samskipti við knattspyrnusambönd annarra ríkja og álfusambönd. Hann kemur fram fyrir hönd KSÍ á alþjóðavettvangi og gagnvart FIFA og UEFA.

18.3. Formaður stjórnar KSÍ ber ábyrgð á samskiptum sambandsins við ríki, sveitarfélög og ÍSí.

18.4. Formaður stjórnar KSÍ fær greitt fyrir störf sín, sbr. gr. 32 um kjaranefnd.

19. grein – Framkvæmdastjóri KSÍ

19.1. Framkvæmdastjóri KSÍ annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgir stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið. Hann er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, sbr. grein 15.2. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

19.2. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.

~~18.~~ 20. grein - Reglugerðir

~~18.20.1.~~ Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til ~~alla~~ breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Allar reglugerðir skulu vera aðgengilegar og birtar á vefsíðu KSÍ.

~~18.20.2.~~ Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi **og gerðar aðgengilegar í samræmi við grein 20.1.**

~~18.3. Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KSÍ.~~

VI. NEFNDIR KSÍ

1921. grein - Fastanefndir

~~1921.1.~~ Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. Dómaranefnd
- b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd ~~Fjárhagsnefnd~~
- c. Fræðslu- og útbreiðslunefnd ~~Fræðslunefnd~~
- d. Laga- og leikreglnanefnd
- e. Landsliðsnefndir
- f. Mannvirkjanefnd
- g. Mótanefnd
- h. Samninga- og félagaskiptanefnd
- ~~i. Útbreiðslunefnd~~

~~1921.2.~~ Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

~~1921.3.~~ Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ **eða kjörinn varafulltrúi í stjórn**, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

21.4 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna.

2022. grein - Dómaranefnd

~~2022.1.~~ Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að mestu vera skipuð ~~reynslumiklum~~ **reynendum** fyrrverandi dómurum.

2123. grein - Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

~~21~~**23.1** Fjárhags- og endurskoðunarnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins, sbr. ákvæði laga um ársreikninga.

~~22~~**24. grein – Fræðslu- og útbreiðslunefnd**~~Fræðslunefnd~~

~~22~~**24.1** Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, afreksstefnu og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

~~23~~**25. grein - Laga- og leikreglanefnd**

~~23~~**25.1** Laga- og leikreglanefnd er stjórn KSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

~~24~~**26. grein - Landsliðsnefndir**

~~24~~**26.1** Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni. ~~-, skipuleggja undirbúning þeirra og annast samskipti við starfsmenn liðanna.~~

~~25~~**27. grein - Mannvirkjanefnd**

~~25~~**27.1** Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir knattspyrnuleikvelli.

~~26~~**28. grein - Mótanefnd**

~~26~~**28.1.** Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

~~27~~**29. grein - Samninga- og félagaskiptanefnd**

~~27~~**29.1.** Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnnum aðildarfélaga.

~~28. grein – Útbreiðslunefnd~~

~~28.1. Útbreiðslunefnd vinnur að eflingu knattspyrnunnar og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.~~

2930. grein - Aðrar nefndir

~~2930~~1. Knattspyrnuþing KSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir, sem starfa á milli knattspyrnuþinga, til að fjalla um málefni, sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

~~2930~~2. Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

VII. AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND KSÍ**3031. grein - Aga- og úrskurðarnefnd**

~~3031~~1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.

~~3031~~2. Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

~~3031~~3. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

31.4. Um hæfi þeirra sem skipa aga- og úrskurðarnefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í aga- og úrskurðarnefnd skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.

VIII. FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA-KJARANEFND**3132. grein - Framkvæmdastjóri KSÍ Skipan og hlutverk**

32.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

32.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

a. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.

b. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.

c. Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.

32.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

32.4. Um hæfi þeirra sem skipa kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.

~~31.1. Framkvæmdastjóri KSÍ er ráðinn af stjórn knattspyrnusambandsins skv. ráðningarsamningi.~~

~~31.2. Framkvæmdastjóri stjórnar og ber ábyrgð á rekstri, skrifstofu og starfsmannahaldi KSÍ.~~

~~31.3. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.~~

~~32. grein – Skrifstofa KSÍ~~

~~32.1. Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna KSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.~~

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, ~~0.~~efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, ~~0.~~efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn. ~~Ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn 0. deildar karla og kvenna.~~

33.4. Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSí, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

34. grein - Hlutfélög

34.1. Þátttökuréttur í mótum á vegum KSÍ er bundinn við aðildarfélög. Aðildarfélög geta með skriflegum samningi falið sérstökum hlutfélögum rekstur tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Aðildarfélagið skal fara með meirihluta atkvæða á aðalfundi hlutfélagsins og megintilgangur hlutfélagsins skal vera bundinn við rekstur íþróttafélags og tengd efni. Eftirfarandi skal koma fram í samningi aðila:

a. Hlutfélagið skuldbindur sig til að fara eftir lögum þessum, ákvörðunum KSÍ, reglugerðum KSÍ, starfsreglum KSÍ og gangast undir allar þær sömu skyldur og aðildarfélög bera samkvæmt lögum þessum.

b. Leikmenn skulu vera félagar í aðildarfélaginu.

c. Aðildarfélagið skal halda áfram starfsemi sinni svo það fullnægi öllum kröfum sem gerðar eru til aðildar þess í lögum þessum.

d. Hlutfélagið getur með engum hætti framselt rétt sinn gagnvart aðildarfélaginu, hvaða nafni sem kann að nefnast.

e. Ef hlutafélagið verður gjaldþrota eða lagt niður með öðrum hætti þá færast öll réttindi skv. samningi aðila aftur til aðildarfélagsins.

f. Hlutafélagið skuldbindur sig til að upplýsa og afhenda KSÍ öll þau gögn sem krafist er varðandi rekstur félagsins og nær þetta einnig til leyfiskerfis KSÍ.

g. Samning aðila skal leggja fyrir stjórn KSÍ innan 7 daga frá dagsetningu hans og tekur ekki gildi fyrr en við samþykki stjórnar KSÍ.

34.2. Ekki er heimilt að fleiri en eitt aðildarfélag sé með samning við eitt og sama hlutafélagið né að hlutafélagið eigi hluti í öðru hlutafélagi sem er með slíkan samning við aðildarfélag. Jafnframt mega eigendur hlutafélags með samning við aðildarfélag ekki vera í nánum tengslum við annan aðila með slíkan samning. Með nánum tenglum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast, með beinum eða óbeinum hætti, eignarhaldi á minnst 5% hlutafjár eða yfirráð yfir 5% af atkvæðisrétti.

34.3. Ef brotið er gegn ákvæði ~~þessi~~ þessu þá getur stjórn KSÍ felld úr gildi samning sem áður var samþykktur.

34.4 Stjórn KSÍ setur nánari reglur varðandi hlutafélög í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða öðrum reglugerðum þar sem við á.

35. grein - Leyfiskerfi

35.1. Aðildarfélög, sem eiga rétt á þátttöku í ~~Ö~~efstu og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.

35.2. Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.

35.3. Stjórn KSÍ skal gefa út leyfishandbók KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfishandbókin skal vera samþykkt af UEFA.

35.4. Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ.

X. ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLL KSÍ

36. grein – Almenn

36.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.

37. grein – Skipun

37.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.

37.2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kys dómstóllinn sér forseta ~~úr hópi aðalmanna~~.

37.3. Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þír **dómarar** fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

38. grein - Áfrýjanir

38.1. Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

38.2. Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

39. grein - Lögsaga o.fl.

39.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á.

39.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ. ~~en~~ Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál **vegna laga- og reglugerða KSÍ** fyrir almennum dómstólum.

39.3. Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

39.4. Um hæfi þeirra sem skipa áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.

XI. VIÐURLÖG OG REFSINGAR

40. grein - Viðurlög

40.1. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum:

- a. Áminning.
- b. Félagaskiptabann.
- c. Leika án áhorfenda.
- d. Leika á hlutlausum velli.

e. Bann að leika á tilteknum leikvelli.

f. Ógilding leiks.

g. Brottvísun úr mótí.

h. Ósigur í leik.

i. Stig frádregin.

j. Fall í lægri deild.

k. Fésekt.

l. Dagsektir.

40.2. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum:

a. Áminning.

b. Brottvísun.

c. Leikbann.

d. Bann frá búningsklefum og/eða varamannabekk.

e. Bann frá leikvangi.

f. Bann frá allri þátttöku í knattspyrnu.

~~40.1. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi; gagnvart einstaklingum og félögum:~~

~~a. aðvörðun,~~

~~b. ávítur,~~

~~c. sekt,~~

~~d. skil verðlauna.~~

~~40.2. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart einstaklingum eru eftirfarandi:~~

~~a. áminning,~~

~~b. brottvísun,~~

~~c. leikbann,~~

~~d. bann frá búningsklefum og/eða varamannabekk,~~

~~e. bann frá leikvangi,~~

~~f. bann frá allri þátttöku í knattspyrnu.~~

~~40.3. Þær refsingar sem hægt er að beita gagnvart félögum eru eftirfarandi:~~

- ~~a. félagaskiptabann,~~
- ~~b. leika án áhorfenda,~~
- ~~c. leika á hlutlausum velli,~~
- ~~d. bann að leika á tilteknum leikvelli,~~
- ~~e. ógilding leiks,~~
- ~~f. brottvísun úr mót,~~
- ~~g. ósigur í leik,~~
- ~~h. stigfráðregin,~~
- ~~i. fall í lægri deild,~~
- ~~j. dagsektir.~~

~~40.4. Önnur viðurlög og refsingar er lög eða reglugerðir KSÍ tiltaka.~~

XII. REIKNINGAR

41. grein - Reikningsárið

41.1. Reikningsár KSÍ er almanaksárið.

41.2. Reikningar KSÍ skulu undirritaðir af **meirihluta stjórnar og framkvæmdastjóra**. ~~formanni, gjaldkera, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum reikninga.~~

41.3. Endurskoðendur KSÍ skulu vera **löggiltir endurskoðendur** ~~sjálfstæðir~~ og óháðir KSÍ.

41.4. Reikningar KSÍ skulu **endurskoðaðir og** áritaðir af kjörnum endurskoðanda.

XIII. ÝMIS ÁKVÆÐI

42. grein - Réttindi

~~42.1. KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar.~~

~~42.2. Stjórn KSÍ skal setja nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.~~

42.1. KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur og hagnýting hans nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra

réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynningar- og höfundarréttar að höfðu samráði aðila.

42.2. Lúti hagnýting réttinda, svo sem sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda deilda, sala auglýsinga og markaðssetning að ákveðnum deildum, fara félög í þeirri deild eða deildum, eða viðurkennd hagsmunasamtök þeirra, með samningsumboð og ráðstöfun allra réttinda.

43. grein - Heiðursformaður

43.1. Knattspyrnuþing má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

43.2. Heiðursformenn KSÍ hafa rétt til setu ~~á fundum stjórnar sambandsins og~~ á knattspyrnuþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

44. grein - Önnur atvik

44.1. Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSí, sem lög þessi eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

~~44.2. Er stjórn KSÍ heimilt að beita þeim viðurlögum sem getið er í lögum þessum ef slík atvik koma upp er getið er í 1. mgr.~~

45. grein - Sambandsslit

45.1. Tillögu um að leggja KSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu knattspyrnuþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.

45.2. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni, og tillagan síðan látnin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings, taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KSÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum KSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar knattspyrnuíþróttar í landinu.

~~46. grein - Lagabreytingar~~

~~46.1. Lögum þessum má breyta á reglulegu knattspyrnuþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Tillögur þar um skulu hafa borist til stjórnar KSÍ innan lögbundins frests sbr. 10. gr.~~

~~46.2. Breytingar á lögum þessum öðlast gildi við samþykki þeirra á reglulegu knattspyrnuþingi og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSí.~~

~~47~~46. grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi í febrúar ~~2007~~2019 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSí og falla þá eldri lög úr gildi.

Verði framangreindar breytingar samþykktar, verða lög KSÍ svohljóðandi:



LÖG KNATTSPYRNUMBANDS ÍSLANDS

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK

1. grein - Heiti og staðsetning

1.1. Knattspyrnumband Íslands (KSÍ) er samband íþróttafélaga sem iðka og keppa í knattspyrnu og eru innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem eru aðilar að ÍSÍ.

1.2. Aðsetur og varnarþing KSÍ er í Reykjavík.

1.3. Merki KSÍ er eign KSÍ og verndað af vörumerkjarétti. Merki KSÍ er í íslensku fánalitunum.

1.4 Fáni KSÍ er hvítur með merki KSÍ í miðju.

2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ

2.1. KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála,
- b. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
- c. að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim,
- d. að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt,
- e. að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi,
- f. að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik,
- g. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi,
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.

2.2. KSÍ starfar að öllu leyti sjálfstætt og er hlutlaust varðandi stjórnsmál og trúarbrögð. KSÍ skal gæta jafnræðis og jafnréttis. Skulu allir vera jafnir fyrir lögum og reglugerðum KSÍ og njóta réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti.

3. grein - Aðild að samtökum

3.1. KSÍ er aðili að

- a. Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ),
- b. Knattspyrnusambandi Evrópu (UEFA),
- c. Alþjóðaknattspyrnusambandinu (FIFA).

3.2. KSÍ skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ, UEFA og FIFA. Reglur og ákvarðanir KSÍ eru bindandi fyrir aðila að KSÍ, félög, leikmenn, dómara, þjálfara, forystumenn og aðra þá, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

3.3. KSÍ og aðildarfélög þess skulu hlíta valdi FIFA og UEFA vegna skipulagningar leikja og móta landsliða og félaga á alþjóðavettvangi og skulu ekki vera þátttakendur í leikjum eða mótum á alþjóðavettvangi án samþykkist FIFA eða UEFA. KSÍ skal vera bundið af ákvörðunum FIFA og UEFA um alþjóðlega landsleikjadaga. Jafnframt skal KSÍ ekki vera í sambandi við knattspyrnusamband sem er ekki aðili að FIFA eða UEFA nema með samþykki FIFA eða UEFA.

II. AÐILD AÐ KSÍ

4. grein - Réttur á aðild

4.1. Öll félög innan ÍSÍ, er iðka og keppa í knattspyrnu, eru aðilar að KSÍ.

5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

5.1. Sérhvert aðildarfélag skal hafa rétt til þátttöku í skipulögðum mótum á vegum KSÍ, enda uppfylli það þátttökuskilyrði samkvæmt lögum þessum og gildandi reglugerðum KSÍ.

5.2. Aðildarfélagi er skylt að virða lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir sem settar eru eða teknar af KSÍ, UEFA eða FIFA.

5.3. Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir KSÍ, UEFA eða FIFA.

5.4. Félagi sem tekur þátt í mótum á vegum KSÍ er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ, nefnda KSÍ og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

5.5. Aðildarfélög skulu senda KSÍ skýrslu um öll knattspyrnumót, sem haldin eru á þeirra vegum.

5.6. Aðildarfélög skulu senda KSÍ upplýsingar um stjórnir félaganna á hverjum tíma innan viku frá því breyting á sér stað.

5.7. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.

5.8. Aðildarfélög KSÍ eru bókhaldsskyld og ársreikningaskyld samkvæmt gildandi lögum um bókhald og lögum um ársreikninga. Aðildarfélög, sem falla undir leyfiskerfi, skulu auk þess færa bókhald sitt svo það uppfylli kröfur leyfiskerfis KSÍ. Reikningsár aðildarfélaga skal vera almanaksárið.

5.9. Félag sem er aðili að KSÍ skuldbindur sig til þess að vera ekki aðili að öðru knattspyrnusambandi eða taka þátt í leikjum eða mótum á vegum annars knattspyrnusambands nema með sérstöku samþykki KSÍ, hins knattspyrnusambandsins, FIFA eða UEFA.

5.10. Sérhvert aðildarfélag skal bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna á mælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

5.11. Leikmenn aðildarfélaga skulu verða skráðir félagsmenn í samræmi við reglugerðir KSÍ.

6. grein - Aðrar skyldur

6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.

III. SKIPULAG KSÍ

7. grein - Stjórnkerfi KSÍ

7.1. Málefnum KSÍ stjórna:

- a. Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.
- b. Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.
- c. Fastanefndir KSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.
- d. Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.
- e. Framkvæmdastjóri KSÍ, sbr. 19. gr.

7.2. Leyfisnefndir taka ákvörðun um þátttökuleyfi til keppni í Íslandsmóti þar sem það á við og starfa skv. leyfishandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær nefndir eru:

- a. Leyfisráð.
- b. Leyfisdómur.

7.3. Dómstig KSÍ eru:

- a. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
- b. Áfrýjunardómstóll KSÍ.

IV. KNATTSPYRNUÞING

8. grein - Boðun

8.1. Knattspyrnuþing skal halda árlega, eigi síðar en 28. febrúar. Stjórn KSÍ ákveður þingstað og þingtíma. Boða skal til þingsins bréflega, eða með öðrum sannanlegum hætti, með minnst tveggja mánaða fyrirvara.

9. grein - Réttur til þingsetu

9.1. Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ.

9.2. Fulltrúafjöldi aðildarfélaga ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:

a. Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.

b. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.

c. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.

d. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks síðustu fimm leiktíðir samfleytt.

e. fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur þátttökuréttur til fulltrúa niður.

9.3. Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. sem gefur flesta fulltrúa. Félag sem ekki tefldi fram í móti á vegum KSÍ á síðasta keppnistímabili að minnsta kosti einu liði í yngri flokkum (3. – 6. flokk), getur að hámarki verið með einn fulltrúa.

9.4. Framkvæmdastjóri KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt.

9.5. Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ og varafulltrúar þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.

9.6. Félög sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. Kjörbréfanefnd skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

9.7. Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a. Stjórnarmenn KSÍ.

b. Framkvæmdastjóri KSÍ.

c. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.

9.8. Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:

- a. Heiðursformenn KSÍ.
- b. Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.
- c. Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.
- d. Dómarar í dómstólum KSÍ.
- e. Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.
- f. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSí.
- g. Fulltrúi menntamálaráðuneytis.
- h. Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.
- i. Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

9.9. Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið.

10. grein –Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Reikningar KSÍ.

10.1. Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

10.2. Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað knattspyrnuþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist, ásamt athugasemdum við þær.

10.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað knattspyrnuþing, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

11. grein - Dagskrá

11.1. Dagskrá knattspyrnuþings er:

- a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.
- b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- c. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d. Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e. Ávörp gesta.
- f. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.

- g. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- h. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- i. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- j. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- k. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- l. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- m. Önnur mál.
- n. Kosningar. Álit kjörnefndar.
- 1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
 - c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
- 2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
- 3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
- 4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- 5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).
- 6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
- 7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).
- 8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).
- 9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
- 10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.
- o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
- p. Þingslit.
- 11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

12. grein - Atkvæðagreiðsla

12.1. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða þingfulltrúa. Meiri en helmingur þingfulltrúa þurfa að vera mættir á knattspyrnuþing svo atkvæðagreiðsla teljist gild en að öðrum kosti skal boða til annars knattspyrnuþings innan 7 daga.

12.2. Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef $\frac{1}{4}$ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra.

12.3. Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi skulu taka gildi þegar í stað nema annað sé ákveðið á knattspyrnuþingi. Stjórn KSÍ skal ljúka gerð og birtingu nýrra reglugerða eða breytinga á reglugerðum, sem knattspyrnuþing samþykkir, innan fjögurra vikna.

13. grein - Aukaping

13.1. Aukaping skal kalla saman, ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KSÍ eða helmingur aðildarfélaga óskar þess skriflega við stjórn KSÍ. Boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings skal vera helmingi styttri en til reglulegs knattspyrnuþings.

13.2. Málefni þau, er aðilar að KSÍ óska eftir að tekin verði fyrir á aukapingi, skulu tilkynnt stjórn KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þingsetningu.

13.3. Eigi síðar en viku fyrir boðað aukaping, skal stjórn KSÍ senda aðildarfélögum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist.

13.4. Um rétt til þingsetu og atkvæðisrétt á aukapingi fer samkvæmt 9. gr. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags skal vera sá sami og á næsta knattspyrnuþingi á undan. Kjörbréfanefnd skal senda ný kjörbréf til aðildarfélaga samkvæmt nánari ákvæðum gr. 9.4.

13.5. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

13.6. Að öðru leyti gilda um aukaping sömu ákvæði og um reglulegt knattspyrnuþing.

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir.

14.2. Auk kjörinna fulltrúa á ársþingi samkvæmt grein 14.1., skal formaður hagsmunasamtaka liða í efstu deildum sitja í stjórn KSÍ.

14.3. Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega eiga fund með fulltrúum landsfjórðunga. Á slíkum fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.

14.4. Stjórn KSÍ skal funda reglulega með félögum og hagsmunasamtökum félaga þar sem farið verði yfir hagsmunamál félaganna.

15. grein - Kosning stjórnar KSÍ

15.1. Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Kosning skal fara þannig fram:

- a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.
- b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára.
- c. Kosning 3ja manna til vara í stjórn til eins árs.

15.2. Þeir sem bjóða sig fram til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

15.3. Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skulu hafa skrifleg meðmæli aðildarfélaga sem fara samanlagt með a.m.k. 12 atkvæði á knattspyrnuþingi.

15.4. Tilkynning um framboð til embætta sem kosið er um samkvæmt grein 15.1. og skrifleg meðmæli samkvæmt grein 15.3. skulu berast skrifstofu KSÍ minnst hálfum mánuði fyrir þing. Kjörnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.

15.5. Allar kosningar eru leynilegar og skriflegar nema frambjóðendur séu jafn margir og kjósa skal. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt, ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á.

15.6. Til þess að ná kjöri sem formaður KSÍ, þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný, bundinni kosningu, um þá tvo menn, sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða. Verði þeir jafnir skal kjósa á ný með sama hætti og verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

15.7. Við kosningu í önnur embætti á knattspyrnuþingi gildir sú regla, að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fá fleiri en þeir, sem kjósa á, jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

16. grein - Verkaskipting stjórnar KSÍ

16.1. Stjórn KSÍ kýs fyrsta og annan varaformann úr hópi stjórnarmanna til eins árs í senn.

16.2. Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst sex sinnum á ári. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 aðalmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

16.3. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum og setur sér starfsreglur.

17. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

17.1. Stjórn KSÍ fer með málefni sambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnarinnar fellur m.a. eftirfarandi:

1. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
2. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
3. að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu,
4. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
5. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi,
6. að annast útgáfu á knattspyrnulögunum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, og sjá til þess að þær séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur,
7. að hafa yfirstjórn með landsmótum,
8. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
9. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða á alþjóðavettvangi þegar það á við,
10. að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
11. að ráða landsliðsþjálfara til starfa,
12. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
13. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
14. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga,
15. Að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun. Stjórn KSÍ skal ekki víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun nema hún telji gildar ástæður til og að fenginni umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Í því tilviki skal hún leggja fyrir á næsta ársþingi greinargerð með skýringum á frávikunum. Ákvarðanir um meiriháttar skuldbindingar skal bera undir ársþing KSÍ eða aukáþing.

17.2. Stjórn KSÍ hefur eftirlit með því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

17.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.

18. grein – Formaður stjórnar KSÍ

18.1. Formaður stjórnar KSÍ er, ásamt framkvæmdastjóra, málsvari sambandsins og ber ásamt stjórn ábyrgð á framkvæmd stefnumála, stefnumótunar og samþykktar ársþings. Formaðurinn skal kappkosta að ávallt séu sem best tengsl og samstarf milli sambandsins og aðildarféлага.

18.2. Formaður stjórnar KSÍ annast samskipti við knattspyrnusambönd annarra ríkja og álfusambönd. Hann kemur fram fyrir hönd KSÍ á alþjóðavettvangi og gagnvart FIFA og UEFA.

18.3. Formaður stjórnar KSÍ ber ábyrgð á samskiptum sambandsins við ríki, sveitarfélög og ÍSí.

18.4. Formaður stjórnar KSÍ fær greitt fyrir störf sín, sbr. gr. 32 um kjaranefnd.

19. grein – Framkvæmdastjóri KSÍ

19.1. Framkvæmdastjóri KSÍ annast daglegan rekstur sambandsins og framfylgir stefnu stjórnar. Framkvæmdastjóri skal hafa prókúru fyrir sambandið. Hann er yfirmaður starfsmanna sem ráðnir eru til sambandsins. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn. Framkvæmdastjóri skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, sbr. grein 15.2. Allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

19.2. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.

20. grein - Reglugerðir

20.1. Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Allar reglugerðir skulu vera aðgengilegar og birtar á vefsíðu KSÍ.

20.2. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi og gerðar aðgengilegar í samræmi við grein 20.1.

VI. NEFNDIR KSÍ**21. grein - Fastanefndir**

21.1. Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:

- a. Dómaranefnd
- b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd
- c. Fræðslu- og útbreiðslunefnd
- d. Laga- og leikreglnanefnd
- e. Landsliðsnefndir

f. Mannvirkjanefnd

g. Mótanefnd

h. Samninga- og félagaskiptanefnd

21.2. Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

21.3. Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ eða kjörinn varafulltrúi í stjórn, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til funda og stýrir þeim.

21.4 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna.

22. grein - Dómaranefnd

22.1. Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómarar framfylgi þeim. Dómaranefnd skal að mestu vera skipuð reyndum fyrrverandi dómurum.

23. grein - Fjárhags- og endurskoðunarnefnd

23.1. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd hefur umsjón með fjármálum KSÍ og gerir tillögu að fjárhagsáætlun. Nefndin annast eftirlit og skoðar reglulega framgang rekstraráætlana sambandsins sbr. ákvæði laga um ársreikninga.

24. grein – Fræðslu- og útbreiðslunefnd

24.1. Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, afreksstefnu og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

25. grein - Laga- og leikreglnanefnd

25.1. Laga- og leikreglnanefnd er stjórn KSÍ til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

26. grein - Landsliðsnefndir

26.1. Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni.

27. grein - Mannvirkjanefnd

27.1. Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir knattspyrnuvelli.

28. grein - Mótanefnd

28.1. Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd, sbr. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

29. grein - Samninga- og félagaskiptanefnd

29.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna og reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnnum aðildarfélaga.

30. grein - Aðrar nefndir

30.1. Knattspyrnuþing KSÍ getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir, sem starfa á milli knattspyrnuþinga, til að fjalla um málefni, sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

30.2 Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

VII. AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND KSÍ**31. grein - Aga- og úrskurðarnefnd**

31.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.

31.2. Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.

31.3. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.

31.4. Um hæfi þeirra sem skipa aga- og úrskurðarnefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í aga- og úrskurðarnefnd skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.

VIII. KJARANEFND

32. grein - Skipan og hlutverk

32.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

32.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

a. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.

b. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.

c. Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.

32.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

32.4. Um hæfi þeirra sem skipa kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarféлага.

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

33.4. Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSí, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

34. grein - Hlutafélög

34.1. Þátttökuréttur í mótum á vegum KSÍ er bundinn við aðildarfélag. Aðildarfélag geta með skriflegum samningi falið sérstökum hlutafélögum rekstur tiltekinna þátta starfsemi sinnar. Aðildarfélagið skal fara með meirihluta atkvæða á aðalfundi hlutafélagsins og megintilgangur

hlutafélagsins skal vera bundinn við rekstur íþróttafélags og tengd efni. Eftirfarandi skal koma fram í samningi aðila:

- a. Hlutafélagið skuldbindur sig til að fara eftir lögum þessum, ákvörðunum KSÍ, reglugerðum KSÍ, starfsreglum KSÍ og gangast undir allar þær sömu skyldur og aðildarfélög bera samkvæmt lögum þessum.
- b. Leikmenn skulu vera félagar í aðildarfélaginu.
- c. Aðildarfélagið skal halda áfram starfsemi sinni svo það fullnægi öllum kröfum sem gerðar eru til aðildar þess í lögum þessum.
- d. Hlutafélagið getur með engum hætti framselt rétt sinn gagnvart aðildarfélaginu, hvaða nafni sem kann að nefnast.
- e. Ef hlutafélagið verður gjaldþrota eða lagt niður með öðrum hætti þá færast öll réttindi skv. samningi aðila aftur til aðildarfélagsins.
- f. Hlutafélagið skuldbindur sig til að upplýsa og afhenda KSÍ öll þau gögn sem krafist er varðandi rekstur félagsins og nær þetta einnig til leyfiskerfis KSÍ.
- g. Samning aðila skal leggja fyrir stjórn KSÍ innan 7 daga frá dagsetningu hans og tekur ekki gildi fyrr en við samþykki stjórnar KSÍ.

34.2. Ekki er heimilt að fleiri en eitt aðildarfélag sé með samning við eitt og sama hlutafélagið né að hlutafélagið eigi hluti í öðru hlutafélagi sem er með slíkan samning við aðildarfélag. Jafnframt mega eigendur hlutafélags með samning við aðildarfélag ekki vera í nánnum tengslum við annan aðila með slíkan samning. Með nánnum tenglum er átt við þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast, með beinum eða óbeinum hætti, eignarhaldi á minnst 5% hlutafjár eða yfirráð yfir 5% af atkvæðisrétti.

34.3. Ef brotið er gegn ákvæði þessu þá getur stjórn KSÍ fellt úr gildi samning sem áður var samþykktur.

34.4 Stjórn KSÍ setur nánari reglur varðandi hlutafélög í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og/eða öðrum reglugerðum þar sem við á.

35. grein - Leyfiskerfi

35.1. Aðildarfélög, sem eiga rétt á þátttöku í efstu og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.

35.2. Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tiltekna kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.

35.3. Stjórn KSÍ skal gefa út leyfishandbók KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfishandbókin skal vera samþykkt af UEFA.

35.4. Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ.

X. ÁFRÝJUNARDÓMSTÓLL KSÍ**36. grein – Almenn**

36.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.

37. grein – Skipun

37.1. Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.

37.2. Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kýs dómstóllinn sér forseta úr hópi aðalmanna.

37.3. Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þrír dómarar fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.

38. grein - Áfrýjanir

38.1. Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd.

38.2. Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

39. grein - Lögsaga o.fl.

39.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á.

39.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.

39.3. Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.

39.4. Um hæfi þeirra sem skipa áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.

XI. VIÐURLÖG OG REFSINGAR**40. grein - Viðurlög**

40.1. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum:

- a. Áminning.
- b. Félagaskiptabann.
- c. Leika án áhorfenda.
- d. Leika á hlutlausum velli.
- e. Bann að leika á tilteknum leikvelli.
- f. Ógilding leiks.
- g. Brottvísun úr mótí.
- h. Ósigur í leik.
- i. Stig frádregin.
- j. Fall í lægri deild.
- k. Fésekt.
- l. Dagsektir.

40.2. Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum KSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum:

- a. Áminning.
- b. Brottvísun.
- c. Leikbann.
- d. Bann frá búningssklefum og/eða varamannabekk.
- e. Bann frá leikvangi.
- f. Bann frá allri þátttöku í knattspyrnu.

XII. REIKNINGAR**41. grein - Reikningsárið**

41.1. Reikningsár KSÍ er almanaksárið.

41.2. Reikningar KSÍ skulu undirritaðir af meirihluta stjórnar og framkvæmdastjóra.

41.3. Endurskoðendur KSÍ skulu vera löggiltir endurskoðendur og óháðir KSÍ.

41.4. Reikningar KSÍ skulu endurskoðaðir og áritaðir af kjörnum endurskoðanda.

XIII. ÝMIS ÁKVÆÐI

42. grein - Réttindi

42.1. KSÍ og félögin innan KSÍ eru eigendur alls réttar, sem tengist mótahaldi KSÍ og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af KSÍ. Þessi réttur og hagnýting hans nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku- og útsendingaréttinda af öllu tagi, t.d. í sjónvarpi, í útvarpi, á internetinu og í síma, markaðsréttinda, kynningar- og höfundarréttar að höfðu samráði aðila.

42.2. Lúti hagnýting réttinda, svo sem sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda deilda, sala auglýsinga og markaðssetning að ákveðnum deildum, fara félög í þeirri deild eða deildum, eða viðurkennd hagsmunasamtök þeirra, með samningsumboð og ráðstöfun allra réttinda.

43. grein - Heiðursformaður

43.1. Knattspyrnuþing má kjósa heiðursformann Knattspyrnusambands Íslands, ef 4/5 mætttra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

43.2. Heiðursformenn KSÍ hafa rétt til setu á knattspyrnuþingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KSÍ koma fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

44. grein - Önnur atvik

44.1. Stjórn KSÍ hefur lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna innan vébanda ÍSí, sem lög þessi eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

45. grein - Sambandsslit

45.1. Tillögu um að leggja KSÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmati knattspyrnuþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða.

45.2. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni, og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings, taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja KSÍ niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum KSÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar knattspyrnuíþróttar í landinu.

46. grein - Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi í febrúar 2019 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSí og falla þá eldri lög úr gildi.

Stjórn KSÍ

Gísli Gíslason lagði fram breytingatillögu, þingskjal 7b. Gísli fór samtímis yfir þingskjal 7 og 7b.

Þingskjal 7b

Breytingartillaga við þingskjal 7

Tillagðar breytingar á þingskjali 7 eru merktar með fjóluþláu

Það sem lagt er til að falli út úr framkomnum tillögum á þingskjali 7 er ~~yfirstrikað~~

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK

1. grein - Heiti og staðsetning

1.1. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband ~~íþróttafélaga sem iðka og keppa í knattspyrnu og eru innan~~ héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem eru aðilar að ÍSí. ~~Þeirra félaga innan ÍSí, sem iðka og keppa í knattspyrnu.~~

Lagt er til að greinin verði óbreytt, þ.e. svohljóðandi:

1.1. Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ) er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga innan ÍSí, sem iðka og keppa í knattspyrnu.

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. ~~skipa~~ Níu fulltrúar í stjórn KSÍ eru kjörnir af ársþingi KSÍ.

~~a. formaður,~~

~~b. 8 meðstjórnendur, sem sitja í aðalstjórn ásamt formanni,~~

~~c. 4 meðstjórnendur, einn frá hverjum landsfjórðungi.~~

14.2. Auk kjörinna fulltrúa í stjórn KSÍ á ársþingi, skv. grein 14.1, skal formaður hagsmunasamtaka félaga ~~í~~ í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) sitja í stjórn KSÍ, enda séu a.m.k. 2/3 hluti félaga í efstu- og næst efstu deild karla og kvenna aðilar að samtökunum og formaður samtakanna kjörinn af fulltrúum félaganna. Fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur toppfótbolti) í stjórn KSÍ skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 15.2.

14.3. Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega ~~eiga fund með~~ boða fulltrúum landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim ~~slíkum~~ fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt. Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á

svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur. Fulltrúar landsfjórðunga skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 15.2.

~~Varamenn í aðalstjórn taka sæti í stjórninni, ef aðalmaður forfallast, og koma inn í stjórnina í sömu röð og þeir eru kosnir. Varamenn frá landsfjórðungum taka sæti í stjórninni í forföllum aðalmanns frá viðkomandi landsfjórðungi.~~

14.4. Stjórn KSÍ skal funda reglulega með félögum og hagsmunasamtökum félaga þar sem farið verði yfir hagsmunamál félaganna.

VIII. ~~FRAMKVÆMDASTJÓRI OG SKRIFSTOFA~~ KJARANEFND

~~31~~32. grein - Framkvæmdastjóri KSÍ Skipan og hlutverk

32.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.

32.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

a. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.

b. Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.

c. Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.

32.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.

32.4. Um hæfi þeirra sem kosnir eru í skipa kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem kosnir ~~skipaðir~~ eru í kjaranefnd skulu ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.

~~31.1. Framkvæmdastjóri KSÍ er ráðinn af stjórn knattspyrnusambandsins skv. ráðningarsamningi.~~

~~31.2. Framkvæmdastjóri stjórnar og ber ábyrgð á rekstri, skrifstofu og starfsmannahaldi KSÍ.~~

~~31.3. Framkvæmdastjóri KSÍ getur vísað brotum aðila á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og leikreglum til ága og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar.~~

~~32. grein - Skrifstofa KSÍ~~

~~32.1. Skrifstofa annast daglega umsýslu verkefna KSÍ undir stjórn og ábyrgð framkvæmdastjóra.~~

Stjórn KSÍ

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði að ljóst væri að félögin innan KSÍ væru ekki aðilar að knattspyrnusambandinu heldur væru það héraðssamböndin. Viðar ítrekaði að þessu þyrfti að breyta.

KSÍ sem stærsta sérsamband innan ÍSÍ þyrfti að skoða breytingar á þessu ákvæði og að félögin yrðu aðilar að KSÍ en ekki héraðssamböndin. Sums staðar í tillögum um lagabreytingar væri talað um að félögin væru aðilar að KSÍ og þarna væri því ekki samræmi. Endurskoða þyrfti íþróttalög.

Hafsteinn Þór Auðunsson (Hamar) tók til máls um grein 14.2 um sæti formanns hagsmunasamtaka liða í efstu deildum í stjórn KSÍ. Hann benti á að þarna væri um minnihluta félaga í landinu að ræða og velti fyrir sér hvort þetta væri nauðsynlegt ákvæði. Og jafnframt hvort ekki væri nauðsynlegt að stofna hagsmunasamtök neðri deildar félaga, sem væri meirihluti félaga á landinu.

Haraldur Haraldsson (Víkingur R.) tók til máls. Haraldur er formaður ÍTF. Haraldur sagði að innan raða ÍTF væru 26 félög og líklega yfir 80% iðkenda í knattspyrnu á Íslandi. Hann sagði að eftir skoðanaágreining hefðu KSÍ og ÍTF átt í mjög góðu samstarfi við vinnslu þessara breytinga á lögum KSÍ. Haraldur sagði að ÍTF væri að vinna að því að auka tekjur og bæta rekstrarumhverfi, allra félaga, hreyfingunni til heilla. Hann ítrekaði að ÍTF væri ekki einhver Grýla innan knattspyrnuhreyfingarinnar, þó svo að þar væri óróleg deild!

Gunnar Helgason (Þróttur V.) tók til máls. Gunnari þótti einkennilegt orðalag í grein 14.2 þar sem segir að 2/3 hluti félaga á Íslandi séu hluti að ÍTF og velti fyrir sér hvort það sé verið að binda það í lög að 2/3 félaga verði aðilar í ÍTF.

Gísli Gíslason tók til máls. Gísli sagði að við undirbúning lagabreytinga hefði því verið velt upp hvað fælist í orðunum „viðurkennd hagsmunasamtök“ og ákveðið hefði verið að miða við að 2/3 hluti félaga, sem hefðu rétt á aðild, þyrftu að vera hluti af ÍTF til að félagið gæti öðlast sæti í stjórn KSÍ. Gísli tók undir með Viðari og sagði mikilvægt að sérsamböndin þróist í takt við umhverfi sitt. Gísli tók fram mikilvægi samtaka á borð við ÍTF og á vettvangi slíkra hagsmunasamtaka væri unnið að alls konar innri málefnum. Þar væri vettvangur félaga til að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, tók til máls. Guðni tók undir með Haraldi og sagði að lendingin sem fyrir liggur sé ánægjuleg og mikilvæg. Hann hvatti jafnframt félög í neðri deildum til að stofna viðlíka hagsmunasamtök og ÍTF. Hann sagðist ekki sjá neitt að því að í framtíðinni yrði skoðað hvort slík samtök félaga í neðri deildum fengju sæti í stjórn KSÍ.

Tillaga að þingskjali 7b var samþykkt samróma.

Tillaga að þingskjali 7 var samþykkt samróma með áorðnum breytingum úr þingskjali 7b.

Þingskjal 8

Kristinn Þór Björnsson (Dalvík/Reynir) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Leikmannaskiptingar í 2. deild karla –

Tillaga að breytingu á grein 23***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á grein 23 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 14.11, sem er svohljóðandi:

23.gr.
Meistaraflokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

23.gr.
Meistaraflokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt að setja 3 varamenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Greinargerð

Tillagan er sú að leyfðar verði fimm skiptingar í leikjum í 2., 3. og 4. deild karla. Við teljum að þetta hjálpi liðum að gefa ungum og efnilegum leikmönnum mínútur og tækifæri. Fyrir nokkrum árum var samþykkt að fjölga skiptingum í 3. deild karla og teljum við það skref hafa verið vel heppnað. Við teljum að 2. deild karla sé klárlega hluti að neðri deildum KSÍ og því rökrétt skref að fjöldi skiptimanna sé eins í 4., 3. og 2. deild karla. Á næsta ári verða jafn mörg lið í 2. deild og 3. deild karla. Ferðalög í neðri deildum eru mikil og getur það því verið leiðinlegt og fráhrindandi að sjá fjóra leikmenn af 18 manna hópi snúa til baka án þess að fá tækifæri.

Meistaraflokksleikir eru mikill stökkpallur og viðurkenning fyrir unga leikmenn og það segir sig sjálft að tækifærunum fjölgar og auðveldara er fyrir félög að gefa sínum leikmönnum spilaðar mínútur. Við teljum að þetta auki möguleika ungra leikmanna að fá meiri spiltíma töluvert. Einnig mun þetta hjálpa þeim liðum sem erfiðlega hefur gengið að halda úti 2. flokki.

Dalvík/Reynir

Magnús Þór Jónsson (ÍR) tók til máls. Magnús sagði að reynsla sín sem knattspyrnudómari gæfi til kynna að þjálfarar noti fjölda skiptinga til að tefja leik. Hann sagðist vilja skilyrða skiptingar þannig að þær gætu ekki allar farið fram í lok leiks.

Magnús lagði fram breytingatillögu, þingskjal 8b.

Þingskjal 8b

Heimilt er að setja þrjá leikmenn inn á í leik. Í 2., 3. og 4. deild er heimilt að setja fimm varamenn inn á í leik en þó að hámarki 3 í hvorum hálfleik þar sem leikhlé telst til fyrri hálfleiks. 1 viðbótarskipting er heimiluð í framlengingu.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann spurði hvort þessi tillaga væri að heimila sex skiptingar í leik og hvort að framlenging væri í þessum mótum.

Vignir Már Þormóðsson, formaður mótanefndar KSÍ, tók til máls. Hann svaraði Jóni Rúnari og benti á að framlenging væri í úrslitakeppni 4. deildar.

Guðmundur H. Pétursson, forseti þingsins, benti á að þessi tillaga væri tillaga til ályktunar, þar sem um væri að ræða breytingu á reglugerð KSÍ. Hún færi því ávallt til umfjöllunar í stjórn KSÍ.

Hjalti Kristjánsson (KFS) tók til máls. Hjalti sagðist styðja hiklaust fyrri tillöguna (þingskjal 8). Breytingartillagan væri til þess fallin að koma þjálfurum í alls kyns vandræði.

Tillaga að þingskjali 8b var felld.

Tillaga að þingskjali 8 var samþykkt með meginþorra atkvæða.

Þingskjal 9

Magnús Örn Helgason (Gróttu) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Niðurröðun í deildir og riðla yngri flokka (2., 3., 4. og 5. aldursflokkur) –

Tillaga að breytingu á grein 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á greinum 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Lagt er til, þegar þátttaka í Íslandsmóti er tilkynnt, að félögin leggi um leið fram óskir um hvort að viðkomandi flokkur (2., 3., 4. og 5. aldursflokkur) leiki í A- B- eða C-riðli/deild. Skulu óskir taka mið af styrkleika hvers flokks og leikmannafjölda. Mótanefnd KSÍ fer yfir óskir félaganna og raðar í riðla/deildir. Ef þörf krefur tekur mótanefnd einnig mið af árangri viðkomandi aldurshópa tveimur árum áður (þegar það á við), úrslitum í vetrarmótum og rökstuðningi félaganna (sem þarf að fylgja umsóknum).

Núgildandi ákvæði (greinar 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót) gera ráð fyrir því að þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild, en tvö efstu liðin í C deild taka sæti þeirra í B deild. Lagt er til að þessu fyrirkomulagi verði breytt á þann hátt sem lýst er hér fyrir ofan, þ.e. í riðlakeppni í 4. og 5. flokki karla og kvenna og í deildarkeppni í 2. og 3. flokki karla og kvenna.

Greinargerð

Eitt af helstu markmiðum íþróttapjálfunar í yngri flokkum er að finna iðkendum vettvang þar sem þeir æfa með og keppa við aðra iðkendur á svipuðu getustigi. Með því móti má ætla að áskoranirnar verði hæfilega krefjandi og góðar líkur á að iðkandinn taki framförum og líði vel með íþróttaiðkun sína.

Á Íslandsmótum KSÍ er raðað í riðla/deildir út frá árangri flokksins árið áður. Í flestum tilfellum eru leikmenn á eldra ári í meirihluta í keppni A-liða en það eru mót A-liðanna sem ráða því hvaða félög fara upp um deildir/riðla og hvaða félög falla. Til dæmis getur sterkt eldra ár komið flokki sínum upp um deild en árið á eftir þarf næsti árgangur fyrir neðan að takast á við auknar áskoranir. Hvað ef sá árgangur er talsvert veikari? Hefði ekki verið nær að árgangurinn á undan hafi strax spilað í deild ofar við jafningja og að ári myndi flokkurinn færast niður um deild?

Það er ljóst að engin leið er skotheld til að raða niður í deildir/riðla en þó hlýtur að vera til mikils að vinna að breyta núverandi kerfi sem hefur fjölmarga ókosti í för með sér.

Tillagan sem hér er lögð fram getur orðið til þess að ójöfnum leikjum fækkar á Íslandsmótinu og á því græða allir. Það hefur lítinn knattspyrnulegan ávinning í för með sér að tapa með gríðarlegum mun og getur slíkt haft slæm áhrif á andlega hlið iðkenda til lengdar. Ennfremur, verður lærdómur lítill af því

að vinna stórsigur á móti talsvert lakari andstæðingum. Tillögunni fylgir aukin ábyrgð félaganna og mótanefndar KSÍ og eru heiðarleiki og samvinna því lykilatriði.

Gróttu

Þórir Hákonarson (SR) tók til máls. Þórir tók fram að í grunninn væri hann fylgjandi tillögunni. Félögin gætu óskað eftir flutningi milli deilda og í flestum tilfellum væri reynt að vera við þeirri beiðni. Hann sagðist þó setja ákveðið spurningamerki við að festa þetta í reglugerð KSÍ og að þessi tillaga byði upp á ákveðin flækjustig.

Baldur Már Bragason (Ýmir) tók til máls. Baldur sagðist hafa tilfinningu fyrir því að tillaga Gróttu væri til komin vegna þess að oft á tíðum hafi ekki verið brugðist við þeim beiðnum sem borist hafa mótanefnd KSÍ og mælti til þess að tillagan yrði samþykkt.

Vignir Már Þormóðsson, formaður mótanefndar KSÍ, tók til máls. Hann sagðist vera á sama máli og Þórir Hákonarson. Vignir lagði til að tillögunni yrði skotið til stjórnar og benti á að vinna væri í gangi um breytingar á mótafyrirkomulagi yngri flokka. Hann sagðist jafnframt skilja vel þessa tillögu og að ábendingin um breytingu væri réttmæt.

Baldur Már Bragason (Ýmir) tók til máls. Hann sagði ítrekað hafa rætt þetta við frambjóðendur til stjórnar KSÍ í um 9 ár og að ávallt hafi fólk tekið vel í þetta. En ekkert hefði gerst. Baldur ítrekaði þörfina á þessari breytingu.

Magnús Þór Jónsson (ÍR) tók til máls. Hann sagði að tillögur sem þessi ættu ekki heima á ársþingi. Þar væru mörg félög sem hefðu engra hagsmuni að gæta við þessa breytingu eða umfjöllun á þessari tillögu.

Vignir Már Þormóðsson lagði fram breytingatillögu.

Þingskjal 9b

Lagt er til að tillaga að þingskjali 9 verði vísað til stjórnar KSÍ.

Tillaga að þingskjali 9b var samþykkt með 66 atkvæðum gegn 57 atkvæðum. Þingskjal 9 var því vísað til stjórnar.

Þingskjal 10

Þingforseti bar upp við þingheim að Hákon Sverrisson (Breiðablik) fengi að ávarpa þingheim og var það samþykkt.

Hákon Sverrisson hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Hlutgengi leikmanna í yngri flokkum (2., 3. og 4. aldursflokkur) –

Tillaga að breytingu á grein 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á greinum 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3., sem eru svohljóðandi:

Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

Verði svohljóðandi:

Þegar félög eru með fleiri en eitt lið í aldursflokki hafa allir leikmenn félags hlutgengi nema 11 leikjahæstu leikmenn liða sem eru ofar í keppnisröð og leikmenn sem voru í byrjunarliði í síðasta leik hjá liði sem er ofar í keppnisröð í sama aldursflokki.

Í dæmaskyni: A lið eru ofar í keppnisröð en B lið, A1 er ofar en A2 o.s.frv.

Greinargerð

Með auknum áhuga á knattspyrnu og fleiri iðkendum hefur liðum sem félög sendu til keppni í yngri flokkum fjölgað. Fjölmennari félög hafa fengið leyfi til að senda fleiri lið til keppni í hverjum styrkleikaflokki og hafa þannig haft til dæmis tvö eða fleiri A lið, tvö eða fleiri B lið og svo framvegis meðan fámennari félög geta verið að tefla fram einu A liði eða einu A liði og einu B liði.

Þetta fyrirkomulag er nauðsynlegt svo ekki verði of mikill styrkleikamunur milli liða í neðri styrkleikaflokkum og að iðkendur fá verkefni við hæfi.

Á undanförunum árum hefur komið fram vilji hjá fjölmennari og fámennari félögum til að endurskoða hlutgengisreglur og á ársþingi KSÍ 2016 voru samþykktar nýjar reglur í þessa veru. Þær takmarka hins vegar til muna möguleika efnilegra leikmanna til verkefna við hæfi með því að leikmenn sem eru varamenn í A1 liði þurfa að spila með B1 liðum frekar en A2 liðum. Tillagan miðast því við að leikmenn færast frekar niður eftir styrkleikaröð liða félagsins í mótum sama hvort um ræðir færslu úr A1 í A2 eða úr A liði í B lið.

Margir efnilegir leikmenn lenda í því að fá takmörkuð tækifæri úr liði 2 í lið 1 vegna þessa að þeir verða ólöglegir í næstu leikjum á eftir. Að sama skapi þá eiga varamenn í liði 1 ekki kost á því að fá spiltíma í næsta liði á eftir því annars eru þeir ólöglegir síðar. Í yngri flokkum þarf að gæta jafnræðis og þessum leikmönnum þarf að tryggja verkefni við hæfi þar sem lítið land á borð við Ísland verður að hlúa vel að öllu hæfileikafólki.

Breiðablik

Gísli Gíslason (KSÍ) tók til máls. Hann tók undir að núverandi reglugerð væri um ýmis atriði gölluð og hamlandi fyrir leikmenn og félög. Hann vildi þó árétta að svigrúm þyrfti að vera til að taka tillöguna fyrir í nefnd og útfæra á réttan hátt til að tryggt væri að allir þættir gengju upp.

Tillaga að þingskjali 10 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11

Þingforseti bar upp við þingheim að Hákon Sverrisson (Breiðablik) fengi að ávarpa þingheim og var það samþykkt.

Hákon Sverrisson hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Varalið í keppni meistaraflokks kvenna –

Tillaga að breytingu á grein 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót***Tillagan hljóðar svona:***

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á greinum 32 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Lagt er til að félögum verði heimilt að skrá til leiks varalið í meistaraflokki kvenna sem hefur þátttökurétt í deildakeppni Íslandsmóts. Hlutgengi með varaliði hafa allir leikmenn sem eru skráðir í félagið nema þeir 11 leikmenn sem hafa leikið flesta leiki með aðalliði á sama leiktímabili og þeir leikmenn sem byrjuðu síðasta leik aðalliðs á undan. Varalið getur ekki unnið sér sæti í efstu deild. Varalið getur fallið um deild.

Greinargerð

Sumarið 2016 léku þrjú venslalið í keppni 1. deildar kvenna og ljóst er að áhuginn á að veita ungum leikmönnum verðug verkefni er til staðar hjá fleiri félögum. Árið 2017 og 2018 voru tvö venslalið í 1. og 2.deild kvenna. Markmiðið með þessari lagabreytingu er að gefa fleiri ungum leikmönnum færi á að keppa við krefjandi aðstæður og undirbúa þá þannig betur undir feril í meistaraflokki. Leikmenn sem eru ungir að aldri þurfa ekki að yfirgefa uppeldisfélag sitt á meðan þeir eru enn á 2.flokks eða 3.flokks aldri og vonandi minnka líkur á brottfalli. Leikmenn sem eru ekki í leikmannahópi aðalliðs geta spilað leiki, sem þeir fá ekki með núverandi fyrirkomulagi. Fyrirkomulagið býr til fleiri möguleika til keppni fyrir leikmenn á 2. flokks aldri og varamenn í meistaraflokki en margar tillögur hafa verið lagðar fyrir ársþing KSÍ undanfarin ár til að bregðast við verkefnafæð á þeim vettvangi.

Kostirnir við tillöguna eru tvímælalaust þeir að krefjandi verkefni fyrir leikmenn gefa af sér fleiri og betri leikmenn. Ungir leikmenn geta verið lengur hjá uppeldisfélagi sínu og félagið getur hlúið áfram að þeim í stað þess að þurfa að fara annað eða hætta. Leikmenn á meistaraflokksaldri sem komast ekki í byrjunarlið fá tækifæri til að spila sem þeir hafa ekki í dag. Minnkar þörfina á félagsskiptum ungra leikmanna í venslafélög sem takmarka möguleika þeirra á að komast í aðalliðið eða í önnur félög á keppnistímabilinu. Fleiri lið sem keppa í meistaraflokki þýðir að fleiri leikmenn hafa möguleika á að spila í meistaraflokki heilt yfir.

Svipað fyrirkomulag er í mörgum Evrópulöndum, þar á meðal Danmörku, Þýskalandi og Spáni. Ef Ísland ætlar sér að eiga leikmenn og landslið sem standast þeim bestu snúning í framtíðinni er mikilvægt að hlúa vel að ungum leikmönnum og gefa þeim sem flest verkefni við hæfi. Félögin í landinu eiga að halda áfram að vera til staðar fyrir sína félagsmenn.

Breiðablik

Jón Björn Skúlason (Haukar) tók til máls. Jón Björn sagði að knattspyrnuhreyfingunni hafi mistekist að laða til sín konur í störf félaga. Hann velti fyrir sér hvort að setja ætti kynjakvóta. Jón Björn sagði jafnframt að fjölgun stúlkna og kvenna í knattspyrnu væri besta fjárfesting til fjölgunar kvenna í störfum knattspyrnufélaga. Jón Björn sagðist hins vegar óttast að varalið félaga í efstu deild myndi verða til þess að leikmenn frá félögum í neðri deildum freistuðust miklu frekar til að fara til stærri félaga og spila þar í varaliði heldur en að spila í aðalliði síns félags. Jón Björn sagði að þetta myndi skekkja stöðuna og jafnframt gera félögum erfitt með að fá leikmenn lánaða. Hann sagðist telja að hagsmunum leikmanna væri betur borgið með því að leika með aðalliði síns félags, heldur en með varaliði annarra félaga. Jón Björn lagði jafnframt til að KSÍ myndi stofna starfshóp sem hefði það að markmiði að auka þátt kvenna í knattspyrnu. Hvort sem um væri að ræða leikmenn, þjálfara, stjórnarfólk eða sjálfboðaliða.

Jón Björn Skúlason lagði fram breytingatillögu, þingskjal 11b.

Þingskjal 11b

Stofnaður verður starfshópur um heildarskoðun á kvennaknattspyrnu og stefnumótun til framtíðar.

Jón Rúnar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann tók undir orð Jóns Björns og bætti við að tillaga að þingskjali 11 myndi auka eftirlitsvinnu til muna.

Tillaga að þingskjali 11b var samþykkt með meginþorra atkvæða og því kom þingskjal 11 ekki til afgreiðslu.

Þingskjal 12

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna íþróttamannvirkja –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki að stjórn og aðildarfélög KSÍ þrýsti á að frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda, lagt fram af Jóni Gunnarssyni, Áslaugu Örne Sigurbjörnsdóttur, Ásmundi Friðrikssyni, Njáli Trausta Friðbertssyni, Óla Birni Kárasyni, Páli Magnússyni, Vilhjálmi Árnasyni, Ágústi Ólafi Ágústssyni, Guðjóni S. Brjánssyni, Guðmundi Andra Thorssyni, Ólafi Ísleifssyni, Ólafi Þór Gunnarssyni og Willum Þór Þórssyni, nái fram að ganga.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að endurgreiða skuli félagasamtökum til almannaheilla hluta fjárhæðar sem þau hafa greitt vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda sem miða að því að efla starfsemi eða bæta aðstöðu samtakanna.

Það er álit stjórnar KSÍ að það sé knattspyrnuhreyfingunni mikið hagsmunamál að frumvarpið verði að veruleika.

Stjórn KSÍ

Tillaga að þingskjali 12 var samþykkt samhljóða.

Önnur mál.**Yfirlit yfir reglugerðarbreytingar – Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ.**

Klara benti fulltrúum á skjal sem dreift hafði verið til þingheims, með reglugerðabreytingum.

Samantekt frá málþingi – Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður KSÍ.

Guðrún Inga fór yfir helstu atriði af málþingi sem haldið var föstudaginn 8. febrúar 2019 og um 60 manns sátu. Þar var fjallað um fyrirkomulag deildarkeppna og hvað fylgdi fjölgun leikja, FIFA leyfiskerfi kvenna, sem væri stefnumótandi ákvörðun sem væri styrkt af FIFA, tryggingamál leikmanna/félaga, sem er mikið hagsmunamál, og loks skipurit og stefnumótun KSÍ.

Ummæli forseta UEFA í aðdraganda kosninga – Jón Rúnar Halldórsson (FH)

Jón Rúnar Halldórsson gerði að umræðuefni ummæli forseta UEFA og afskipti hans af formannskjöri KSÍ. Jón Rúnar talaði við bæði stjórn KSÍ og stjórn ÍTF eftir að viðtal við Aleksander Ceferin birtist og sagði að á báðum stöðum hafi fólk óttast að afskipti af þessu máli samsvaraði stuðningsyfirlýsingu við annan frambjóðandann. Þessu mótmælti Jón Rúnar harðlega og sagði afskipti forseta UEFA forkastanleg. Hann sagði þögn stjórnar KSÍ bera vott um heigulshátt og samþykkja þannig afskipti utan frá.

Kosningar

Uppfært álit kjörbrefanefndar flutti Einar Páll Tamimi formaður.

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd voru:

Steinn Halldórsson, ÍBR formaður

Jónas Gestur Jónasson, HSH

Magnús Guðmundsson, ÍA

Kosning formanns KSÍ til tveggja ára:

Eftirtaldir gáfu kost á sér til kosningar formanns KSÍ:

Geir Þorsteinsson, Kópavogi

Guðni Bergsson, Reykjavík

Frambjóðendur gerðu grein fyrir sér og sínum hugmyndum.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Guðni Bergsson hlaut 119 atkvæði

Geir Þorsteinsson hlaut 26 atkvæði

Auðir seðlar voru tveir

Guðni Bergsson var því réttkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára og var hylltur með lófaklappi. Er úrslitin lágu fyrir sögðu Guðni og Geir Þorsteinsson nokkur orð. Guðni sagði úrslitin dýrmæt fyrir sig sem formann og hann væri sannarlega tilbúinn í störfín framundan. Geir sagðist hafa lært það á langri

göngu að baráttu fylgdu stundum ósigrar. Hann sagði greinilegt að þingheimi fyndist hann eiga heima á bekk með Ellerti Schram og Eggerti Magnússyni.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir fimm aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

Ásgeir Ásgeirsson, Reykjavík
 Borghildur Sigurðardóttir, Kópavogi
 Davíð Rúrik Ólafsson, Reykjavík
 Magnús Gylfason, Hafnarfirði
 Þorsteinn Gunnarsson, Mývatnssveit

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Borghildur Sigurðardóttir hlaut 142 atkvæði
 Þorsteinn Gunnarsson hlaut 122 atkvæði
 Magnús Gylfason hlaut 118 atkvæði
 Ásgeir Ásgeirsson hlaut 110 atkvæði
 Davíð Rúrik Ólafsson hlaut 76 atkvæði
 Eitt atkvæði var ógilt

Ásgeir Ásgeirsson, Borghildur Sigurðardóttir, Magnús Gylfason og Þorsteinn Gunnarsson voru því réttkjörin í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Jakob Skúlason
Norðurland	Björn Friðþjófsson
Austurland	Bjarni Ólafur Birkisson
Suðurland	Tómas Þóroddsson

Kosning til varastjórnar til eins árs

Eftirfarandi gáfu kost á sér í varastjórn KSÍ:

Guðjón Bjarni Hálfðánarson, HSK
 Hilmar Þór Norðfjörð, ÍBR
 Jóhann Torfason, HSV
 Þóroddur Hjaltalín, ÍBA

Frambjóðendur gerðu stuttlega grein fyrir sér.

Var því næst gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig að:

Þóroddur Hjaltalín hlaut 118 atkvæði
 Guðjón Bjarni Hálfðánarson hlaut 108 atkvæði

Jóhann Króknes Torfason hlaut 103 atkvæði
Hilmar Þór Norðfjörð hlaut 31 atkvæði

Guðjón Bjarni Hálfðánarson, Jóhann Króknes Torfason og Þóroddur Hjaltalín voru því réttkjörnir í varastjórn KSÍ til eins árs.

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda og var það samþykkt:

Vesturland	Ólafur Hlynur Steingrímsson
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson
Austurland	Árni Ólason
Suðurland	Trausti Hjaltason

Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn:	Eggert Steingrímsson
	Haukur Gunnarsson
Varamenn:	Þór Símon Ragnarsson
	Gylfi Þór Orrason

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Aðalmenn:	Sigurður G. Guðjónsson
	Jóhannes Albert Sævarsson
	Lúðvík Örn Steinarsson
Varamenn:	Brynjar Níelsson
	Eva B. Helgadóttir
	Hörður Felix Harðarson
	Kolbeinn Árnason
	Steinar Þór Guðgeirsson

Kosning í leyfisráð KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Lúðvík Georgsson, formaður
Eggert Steingrímsson
Guðmundur H. Pétursson
Stefán Bergsson
Stefán Orri Ólafsson

Kosning í leyfisdom KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Heimir Örn Herbertsson, formaður
Feldís Lilja Óskarsdóttir
Guðrún Inga Sívertsen

Jón Gunnlaugsson
Ragnar Gíslason

Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörnir:

Gunnar Guðmundsson, formaður
Halldór Frímannsson, varaformaður
Sigurður Ingi Halldórsson, varaformaður
Björg Ásta Þórðardóttir
Helgi R. Magnússon
Sigrún Óttarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Pröstur Ríkharðsson

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Steinn Halldórsson, ÍBR, formaður
Jónas Gestur Jónasson, HSH
Magnús Guðmundsson, ÍA

Endurskoðandi

Gerð var tillaga um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) sem endurskoðanda KSÍ og var hún sjálfkjörin.

Kosning í siðanefnd KSÍ (3) er starfi til tveggja ára

Aðalmenn: Albert Eymundsson, formaður
Eiríkur Björgvinsson
Kristrún Heimisdóttir
Varamenn: Hanna S. Sigurðardóttir
Helgi Þorvaldsson
Rósa Júlía Steinþórsdóttir

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Guðmundur H. Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Guðna Bergssyni formanni að slíta þinginu. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, þakkaði þingheimi sömuleiðis fyrir ánægjulegt þing. Hann þakkaði sérstaklega Guðrúnu Ingu Sívertsen og Vigni Má Þormóðssyni og fráfarandi varamönnum í stjórn KSÍ fyrir þeirra störf. Að því loknu sagði hann 73. ársþingi slitið.

Guðmundur H. Pétursson

1. þingforseti

(sign.)

Guðmundur H. Pétursson

Ágúst Ingi Jónsson

1. þingritari

(sign.)

Ágúst Ingi Jónsson

Steinn Halldórsson

2. þingforseti

(sign.)


Steinn Halldórsson

Dagur Sveinn Dagbjartsson

2. þingritari

(sign.)

Dagur S. Dagbjartsson



www.ksi.is

